

Háskóli Íslands  
Hugvísindasvið  
Íslenska sem annað mál

# Íslenskir tindar fyrir þýska göngugarpa

*Þýðing á nokkrum köflum úr bókinni  
Íslensk fjöll – Gönguleiðir á 151 tind  
eftir Ara Trausta Guðmundsson og Pétur Þorleifsson*

Ritgerð til BA-prófs í íslensku sem öðru máli

Nora Ehlers

Kt.: 200680-3919

Leiðbeinandi: Þóra Björk Hjartardóttir

September 2016

## Ágrip

Þetta BA-lokaverkefni í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands samanstendur af þýðingu úr völdum köflum bókarinnar *Íslensk fjöll – Gönguleiðir á 151 tind* eftir Ara Trausta Guðmundsson og Pétur Þorleifsson af íslensku yfir á þýsku, ásamt þýðingargreinagerð.

Fjallað verður um helstu umhugsunarefni sem hafa þarf í huga við upphaf þýðingarferlisins, s.s. textagreiningu, hugtök og kenningar úr þýðingarfræði sem tillit var tekið til í þýðingunni, aðferðir sem notaðar voru og nokkur helstu vandamál sem komu upp í ferlinu og lausn þeirra. Áherslan er lögð á íðorðaforða, landslagslýsandi orð, nokkuð menningarbundin atriði sem og þýðingu forsetninga og atviksorða. Markmiðið er að sýna möguleika og mörk í þýðingu slíkra texta. Reynt verður að gefa nokkrar leiðbeiningar og hugmyndir fyrir svipuð þýðingarverkefni.

Fyrst og fremst ætla ég að þakka fjölskyldu minni fyrir ómetanlegan stuðning og aðstoð sem hún hefur veitt mér, þrátt fyrir að Atlantshafið skilji okkur að. En sérstaklega á leiðbeinandi minn, Þóra Björk Hjartardóttir verðskuldaðar þakkir mínar fyrir endalausa þolinmæði, leiðsögn, ábendingar og sífellda hvatningu í þýðingar- og ritgerðarferlinu. Auk þess ætla ég að þakka Sigrúnu Valbergsdóttur, kennara leiðsögunámsins fyrir hjálp hennar varðandi íðorðaforða. Vinir mínir Francesco, Lorena og Mireia fá þakkir mínar fyrir tónlistina og stuðning á lokasprettinum. Síðast en ekki síst þakka ég göngufélögum í Fjallafélaginu sem og úr Leiðsöguskólanum MK (2015), sérstaklega Önnu, Katrínu og Asako fyrir hressandi samverustundir á fjöllum sem hvöttu mig áfram í verkefninu. Vonandi eigum við margar samverustundir í göngum framundan.

# Efnisyfirlit

Ágrip

Efnisyfirlit

|   |    |
|---|----|
| 1. Inngangur.....   | 4  |
| 2. Frumtextinn.....   | 6  |
| 2.1 Um bókina <i>Íslensk fjöll-Gönguleiðir á 151 tind</i> .....                     | 6  |
| 2.2 Um höfundana.....   | 8  |
| 2.2.1 Ari Trausti Guðmundsson.....  | 8  |
| 2.2.2 Pétur Þorleifsson.....  | 9  |
| 2.2.3 Samanburður á höfundum með tillit til ritstíls þeirra.....                    | 10 |
| 3. Þýðing – kenningar, markmið og aðferðir.....                                     | 12 |
| 3.1 Textinn í ljósi Skopos-kenningar.....   | 12 |
| 3.2 Markhópurinn, markmið og kröfur til markttextans.....                           | 13 |
| 4. Þýðingarvandamál og lausn þeirra.....  | 15 |
| 4.1 Almennar athugasemdir.....  | 15 |
| 4.2 Orðfræðileg og menningarleg atriði.....   | 16 |
| 4.2.1 Íðorð úr jarðfræði og útivist.....  | 16 |
| 4.2.2 Landslagslýsandi orð og mismunandi merkingargreining í íslensku og þýsku..... | 20 |
| 4.2.3 Þjóðsögulegt og annað menningarbundið efni.....                               | 22 |
| 4.3 Málfræðileg atriði.....   | 24 |
| 4.3.1 Mismunandi kyn í íslensku og þýsku í fjallaheitum.....                        | 24 |
| 4.3.2 Forsetningar.....   | 25 |
| 4.3.2.1 Einyrtar forsetningar.....  | 27 |
| 4.3.2.2 Tvíyrtar forsetningar og forsetningasambönd.....                            | 28 |
| 4.3.3 Setningaskipun.....   | 32 |
| 5. Lokaorð.....   | 34 |
| Heimildir.....  | 36 |
| Viðauki.....  | 39 |
| Þýðingin.....   | 41 |

# 1. Inngangur

Útivist og fjallgöngur hafa notið æ meiri vinsælda á undanförmum árum. Það eru ekki einungis Íslendingar sem sýna meiri áhuga á fjallamennsku á Íslandi heldur líka og kannski enn fleiri útlendingar. Margir ferðamenn koma sérstaklega til Íslands af þessum ástæðum, til að njóta náttúrunnar gangandi og fara í styttri eða lengri gönguferðir. Spurningar á borð við „Geturðu mælt með einhverri skemmtilegri gönguleið?“ „Get ég fengið göngukort hjá þér?“ „Hafið þið upplýsingar um gönguleiðir á þýsku/ensku/frönsku/spænsku?“ hef ég heyrt oftar en einu sinni og oftar en tvisvar í starfi mínu á upplýsinga- og bókunarþjónustu í Reykjavík. Fjöldi ferðamanna sem spyrja um kort og gönguleiðir, bæði í nágrenni Reykjavíkur og víðar um landið, hefur aukist mikið á síðustu árum. Því miður er lítið sem ekkert um ókeypis upplýsingaefni, hvorki um stök fjöll né heilu göngusvæðin á upplýsinga- og þjónustumiðstöðum Reykjavíkur, og því síður er þetta að finna á erlendum tungumálum, þá helst ensku. Starfsfólk getur oft ekki mikið annað gert en að mæla með fjallabókum Reynis Ingibjartssonar, Páls Ásgeirs Ásgeirssonar eða Einars Skúlasonar, þar sem leiðarlýsingar fyrir gönguleiðir<sup>1</sup> eru næstum því einungis að finna á íslensku. Í þessum bókum geta ferðamenn fengið hugmyndir að göngum og reynt svo að finna samsvarandi kort á vefsíðu Landmælinga Íslands til hliðsjónar. Að öðrum kosti er yfirleitt mælt með því að spyrja um stök göngukort á þeim svæðum sem ferðamenn stefna á göngu í eigi ekki að senda alla upp á Esju, í Reykjadal við Hveragerði, í Skaftafell, Landmannalauga eða Þórsmörk bara vegna þess að göngukort fyrir þessi svæði eru til sölu í bókabúðum eða á gestastofum Vatnajökulsþjóðgarðs. Fyrir hina vinsælu gönguleið upp á Esju og fáein önnur fjöll í nágrenni Reykjavíkur eru (loksins) aðgengilegar göngulýsingar á vefsíðum nokkurra fjallhressra einstaklinga (t.d. Björn Kozempel og Jón Þorsteinsson<sup>2</sup>).

Í ljósi þessarar vaxandi eftirspurnar ferðamanna um gönguleiðarlýsingar á erlendiri tungu ásamt mínum persónulega áhuga á fjallamennsku sem nýútskrifaður

---

<sup>1</sup> Reynir Ingibjartsson hefur gefið út nokkrar bækur um gönguleiðir (25 í hverri bók) á höfuðborgarsvæðinu (2010a) (sú eina sem fæst líka á ensku (2010b)), á Hvalfjarðarsvæðinu (2012a), á Reykjanesskaga (2012b), á Snæfellnesi (2013), í Borgarfirði og Döllum (2014) sem og á Þingvallasvæðinu (2015). Einar Skúlason skrifaði *Átta gönguleiðir í nágrenni Reykjavíkur* (2014), og svo er gönguleiðabók Páls Ásgeirs Ásgeirssonar, *Gönguleiðir* (2013), þar sem hann lýsir m.a. Kjalvegi, Lónsöræfi, Laugaveginum og Fimmvörðuhálsi. Þessi bók hefur einnig verið þýdd yfir á ensku undir heitinu *Wild Walking* (2014). Fyrir stuttu bættust í hópinn við bækur um gönguleiðir að Fjallabaki og svæðinu milli Skóga og Landmannalauga: það er annars vegar bók Írisar Marelsdóttur, *Gönguleiðir að Fjallabaki* (2015) og hins vegar bók eftir Uwe Grunewald *Iceland – the Southern Highlands/ Island – das Südliche Hochland* (2012) á ensku og þýsku. Á þýskum bókamörkuðum fást auk þess bókin *Island – Naturparadies am Polarkreis* (2015) sem og litla bókin *Island. Die schönsten Küsten- und Bergwanderungen* (2012) eftir Gabriele og Christian Handl. Á breskum mörkuðum má líka finna *Walking and Trekking in Iceland* (2013). Þrátt fyrir að útgáfa ferðahandbóka og gönguleiðabóka fyrir Ísland hafi aukist smátt og smátt á síðustu tveimur árum finnst engin bók sem hefur að geyma eins mörg fjöll og sú sem valin var fyrir þetta verkefni. Auk þess hafa þessar bækur ekki ennþá fundið leiðina í íslenskar bókabúðir.

<sup>2</sup>Á vefsíðu Jóns Þorsteinssonar finnast líka nokkrar upplýsingar og hugmyndir fyrir lengri gönguferðir, en í flestum tilfellum eru upplýsingar ekki eins útskýrðar eða nákvæmar og í lýsingum frumtextans.

gönguleiðsögumaður fæddist smátt og smátt hugmyndin að þessu B.A.-lokaverkefni: Meginhlutinn er þýðing átta gönguleiðarlýsinga úr einni af vinsælustu gönguleiðarbókum á Íslandi, *Íslensk fjöll – Gönguleiðir á 151 tind* eftir Ara Trausta Guðmundsson og Pétur Þorleifsson. Þýði ég frá íslensku yfir á móðurmál mitt, þýsku, og er þessi ritgerð sú greinargerð sem fylgir þýðingunni.

Í öðrum kafla ritgerðarinnar er frumtextinn kynntur, þ.e. bókin *Íslensk fjöll*. Stuttleg greinargerð er fyrir vali kaflanna og uppbyggingu þeirra (2.1), sem og ævi og lífsstarfi höfunda (2.2.1 og 2.2.2). Auk þess verður reynt að bera saman rithöfunda og stíl þeirra (2.2.3). Í þriðja kafla er fjallað um þau atriði sem þörf er að hafa í huga við upphaf þýðingarferlisins: eftir textagreiningu eru það ákveðin hugtök og kenningar eins og Skopos-kenningin sem og jafngildishugtakið sem tillit var tekið til við þýðinguna (3.1). Síðan fylgir rökstuðningur fyrir ákvörðun um markhóp, markmið og tilgang þýðingarinnar og aðferðir (3.2). Í fjórða kafla, sem er aðalkaflinn, er talað um helstu vandamál sem upp komu í þýðingu og hvernig þau voru leyst. Eftir almennar athugasemdir varðandi textann í samhengi við kort sem og örnefni (4.1) er vandamálum skipt í tvo kafla, annars vegar orðfræðileg og menningarleg atriði (4.2) og hins vegar málfræðilega atriði (4.3). Í 4.2. er áhersla lögð á iðorðaförða úr jarðfræði og útivist (4.2.1) sem og landslagslýsandi orð og merkingargreiningu (4.2.2). Þar að auki er undirkafla (4.2.3) þar sem fjallað er um þjóðsögulegt og menningarbundið efni og nauðsynlegar aukaupplýsingar fyrir lesanda. Til málfræðilega erfiðleika sem rætt er um í 4.3 telst m. a. notkun mismunandi kyns í fjallaheitum (4.3.1). En helsta vandamálið í málfræðilegu samhengi voru efalaust forsetningarnar (4.3.1), að nokkru leyti einyrtar (4.3.1) en að stóru leyti tvíyrtar forsetningar sem og forsetningasambönd (4.3.2). Í lok kaflans verður líka bent á setningarskipun (4.3.3).

Markmið ritgerðarinnar er að sýna möguleika og mörk í þýðingu gönguleiðarlýsinga og reynt verður að gefa nokkrar leiðbeiningar eða hugmyndir fyrir lykilatriði sem taka þarf tillit til í þýðingu slíkra texta. Að lokum er farið yfir niðurstöðurnar og fylgir samantekt af leiðbeiningum. Síðari hlutinn hefur að geyma þýðingu nokkurra kafla úr bókinni, þ.e. gönguleiðarlýsingar á þýsku. Í viðauka má svo finna nokkrar töflur sem gætu í framtíðinni þjónað hlutverki ákveðins hjálpargrunnis.

## 2. Frumtextinn

Fyrsta skref allra þýðingar er góður ef ekki fullkominn skilningur á frumtextanum og allri merkingu hans. Ráðlegt er þess vegna að greina hann ítarlega og velta fyrir sér kringumstæðum, t.d. tíma, sögu og þeirri menning, sem hann hefur verið saminn í til þess að geta þýtt hann eins vel og unnt er. Þessar vangaveltur geta einnig hjálpað síðar í þýðingarferlinu þegar þörf er t.d. að velja á milli tveggja orða sem til greina koma, eða hvort nauðsynlegt er að útskýra eitthvað betur fyrir lesandanum.

### 2.1 Um bókina *Íslensk fjöll*

Frumtextinn fyrir þýðingarverkefni sem liggur þessari ritgerð til grundvallar eru nokkrir kaflar úr bókinni *Íslensk fjöll – Gönguleiðir á 151 tind* eftir þá Ara Trausta Guðmundsson og Pétur Þorleifsson<sup>3</sup>. Eins og titillinn gefur til kynna lýsir hún gönguleiðum á 151 fjöll á landinu og má flokka hana sem ferðabók fyrir útivistarfólk. Kaflarnir sem þýddir hafa verið yfir á þýsku innihalda leiðarlýsingar fyrir eftirfarandi átta fjöll: Akrafjall (FT:16-17), Baulu (FT:24-25), Helgafell ofan Hafnarfjarðar (FT:98-99), Hengil (FT:102-103), Herðubreið (FT:104-105), Hrolleifsborg (FT:120-121), Keili (FT:156-157) og Snæfellsjökul (FT:250-251).

Ástæða þessa vals var m. a. sú að ég hef fengið tækifæri að taka þátt í fjallgöngum á þessa tinda, nema á Hrolleifsborg. Upplifun, eigin reynsla og myndir frá þessum fjallgöngum var gagnlegt í þýðingarferlinu ásamt því að m.a. var hægt að bera saman lýsingar af gönguleiðum við ljósmyndir úr göngum og nota þær sem hjálpargögn til þess að staðfesta skilning á frumtextanum og finna viðeigandi orð á þýsku.

Hver gönguleiðarlýsing nær yfir tvær blaðsíður og er sett saman úr eftirfarandi atriðum (sjá FT:14-15):

- titill – nafn fjallsins
- lýsing í örstuttu máli (merkt í bláum kassa) þar sem gefnar eru almennar en mikilvægar upplýsingar svo sem hæð, göngubyrjun, gönguleið, uppgöngutími, hækkun og lengd, kortablöð, og leiðarmat, athugasemdir um sérbúnað
- súlurit til að kynna erfiðleikastig varðandi tækni, gönguland, rötun, hættustig
- mynd af fjallinu úr fjarlægð

---

<sup>3</sup> Hér á eftir er notað FT (frumtexti) til að vísa í bókina *Íslensk fjöll – Gönguleiðir á 151 tind*, í samræmi við það verður notað MT (marktætti) til að vísa í þýðingu valdra gönguleiðarlýsinga úr þessari bók yfir á þýsku. Þar sem þýðingin er í lok ritgerðarinnar (41-57) eru dæmi merkt með MT og viðeigandi blaðsíðu ritgerðarinnar.

- lítið kort með hverju fjalli sem gefur til kynna staðsetningu þess á landinu
- stærra kort sem er einfölduð endurgerð af landakorti en sýnir leiðina eins nákvæmlega og unnt er, miðað við mælikvarða
- lengri lýsing á leiðinni þar sem kemur annars vegar fram hvernig komast eigi að fjallinu og upp á tind og hins vegar eru gefin er nokkur fróðleikskorn um fjallið sjálft, t.d. varðandi form og útlit, jarðfræðilega mótun fjallsins, sögulegar og menningarlegar upplýsingar eins og t.d. þjóðsögur um tröll eða útilegumenn sem tengdar eru fjallinu eða hver fór fyrst á fjallið.

Frumtextinn er ferðahandbók og þar með má greina hann sem nytjatexti. Samkvæmt textagerðargreiningu Reiss skal þess vegna horfa á hann fyrst og fremst sem upplýsandi texta (*informative text*) (sjá Pym 2010:47 o. áfr.): Áhersla er lögð á innihaldið, þ.e. upplýsingar um gönguleiðir þar sem markmið textans er að miðla þessu efni, þ.e. þessum upplýsingum til lesanda (sjá Stolze 2001:121 o. áfr.). Ef tekið er tillit til sögulegra og menningarlegra og sérstaklega þjóðsögulegra hluta í frumtextanum (sbr. kafla 3., 4.2.3) er hægt að flokka hann sem *samsetta* textategund, þar sem þessir (a.m.k. þjóðsögulegir) hlutar teljast frekar til tjáningartexta.

Auk þess er hægt að flokka frumtextann sem fróðlegan eða fræðilegan texta, enda inniheldur hann m.a. fræðilegt frumefni, t.d. úr jarðfræði og eldfjallafræði (sbr. Jón G. Friðjónsson 2006:9). Þar af leiðandi ætti frumtextinn að vera skrifaður á skýru máli, vera hlutlægur og sérstaklega ótvíræður og auðveldur skilnings fyrir alla lesendur (sjá Gísla Skúlason 2008:24-26, 35-36). Önnur einkenni frumtextans sem lesandi gæti mátt búast við eru frekar stuttar setningar (sem einkenni fyrir góðan ritstíl á íslensku (sjá Gísla Skúlason 2008:25) og íðorð úr útivist, fjallamennsku og jarðfræði. Þótt textinn standi að nokkru leyti undir þessum væntingum er stíll Ara Trausta mjög einstakur og er ekki alltaf eins og búast mætti við í gönguleiðarbókum.

Í næsta kafla verða báðir höfundarnir kynntir í stuttu máli og aðeins fjallað um lífshlaup þeirra sem og stíl.

## **2.2 Um höfundana**

### ***2.2.1 Ari Trausti Guðmundsson***

Ari Trausti Guðmundsson er jarðfræðingur að mennt en einnig rithöfundur. Hann fæddist í Reykjavík árið 1948, sonur listamannsins Guðmundar frá Miðdal og leirkerasmiðsins Lydiu Pálsdóttur. Til gamans má geta að hinn þekkti listamaður Erró (fæddur Guðmundur Guðmundsson) er hálfbróðir Ara Trausta (sjá Pál Skúlason 2003:4-9, Bókmenntavef Borgarbóksafns Reykjavíkur 2015).

Ari Trausti hefur ekki aðeins starfað sem jarðfræðingur heldur einnig sem kennari, fræðimaður, rithöfundur, fjölmiðlamaður og leiðsögumaður. Hann hefur gefið út fjölmargar fræði- og myndabækur sem og handbækur um ferða- og fjallamensku. Auk þess hefur hann unnið með ýmsum hætti að upptökum ýmissa heimildamynda og öðru sjónvarpsefni. Efnistöð þess hafa fyrst og fremst verið jarðfræði og náttúra Íslands (t.d. eldfjöll, jöklar) sem og fjallamenska og ísklifur en einnig hefur hann fjallað um önnur heimssvæði (sjá Bókmenntavef Borgarbóksafns Reykjavíkur 2015).

Ari Trausti hefur ekki aðeins einbeitt sér að vísinda- og fagritum heldur einnig helgað sig skáldskap og hefur sent frá sér nokkur smásagnasöfn og ljóðabækur (sjá Bókmenntavef Borgarbóksafns Reykjavíkur 2015). Þess vegna kemur ekki á óvart hve skáldlegur stíll hans skín oft í gegn í fræðilegum textum (sbr. kafla 2.2.3).

Hvort heldur í tengslum við starf sitt sem blaðamaður og leiðsögumaður eða á eigin vegum hefur Ari Trausti ferðast um byggðir og óbyggðir hér á landi sem og víðar um heiminn. Hann hefur stundað útivist og fjallamensku um áratugaskeið þar sem hann hefur ferðast um norðurslóðir, Evrópu, Asíu, Suður-Ameríku, Suðurskautsland og Norðurpól, oftast í leit að fjöllum og hefur hann klifið ófáa háfjallatinda vítt og breitt um heiminn (sbr. Bókmenntavef Borgarbóksafns Reykjavíkur 2015; Forlagið 2015).

Hann hefur ásamt Pétri Þorleifssyni samið tvær gönguleiðarbækur og eru nokkrir kaflar úr annarri þeirra, *Íslensk fjöll – Gönguleiðir á 151 tind* (2004 og 2013), sem er nýrri útgáfa fyrsta bókarinnar *Fólk á fjöllum Gönguleiðir á 101 tind* (1999), frumtexti fyrir þetta þýðingarverkefni.



### 2.2.2 Pétur Þorleifsson

Pétur Þorleifsson er með þekktari ferðagörpum sinnar tíðar á Íslandi, enda á hann að baki meira en 50 ár af útivistarferðamennsku og fjallareynslu. Hann hefur ferðast vítt og breitt um Ísland jafnt gangandi, skíðandi, hjólandi sem og akandi (á vélsleðum og snjóbílum).

Pétur fæddist árið 1933 í Reykjavík en ólst upp í Skagafirði þar sem skíði og skautar voru lífsnauðsynleg faratæki á snjóþungum vetrum. Átján ára gamall fluttist hann með fjölskyldu sinni til Reykjavíkur og fór að vinna á reiðhjólaverkstæði Fálkans þar sem hann vann alla sína ævi. Hann fór sína fyrstu fjallgöngu á Vífilsfell, árið 1952, og hóf það sama ár að taka virkan þátt í Ferðafélagi Íslands. Hann hefur síðan ferðast með hinum ýmsu ferðafélögum, t.d. með Farfuglum og Jöklarannsóknarfélagi Íslands o.fl. á margvíslegan hátt hvort sem er um byggðir eða óbyggðir landsins. Hann segist hafa farið í rúmlega 500 fjallgöngur um ævina en sum fjöll hefur hann margoft gengið á. Hann hefur t.a.m. gengið 25 sinnum á Skjaldbreið, 12-15 á Okið og ferðast 25 sinnum á Vatnajökul (sjá Fjöll á Fróni 2010:11-31).

Í viðtali sem Páll Ásgeir Ásgeirsson tók við Pétur segir hann frá nokkrum stórkostlegum og ógleymanlegum fjallaferðum, m.a. frá ferðum í jakkafötum og með 20 kg meðalþunga í bakpoka, fyrstu ferðum sínum á Vatnajökul með Jöklarannsóknarfélaginu árið 1965 og hjól-reiðarferðum yfir Hofsjökul (sjá Fjöll á Fróni 2010:25-30). Þetta viðtal gefur lesandanum innsýn í hinn mikla áhuga eða réttara sagt ástríðu Péturs fyrir fjallaferðum, útivist og íslenskri náttúru. Svo má segja að hann hafi fyllilega átt skilið að fá fjall skírt eftir sér, en Péturshorn á Langjökli er einmitt nefnt svo eftir honum (sjá Fjöll á Fróni 2010:11).

Til að undirstrika það hversu eldheit þessi ástríða Péturs á fjöllum og fjallgöngum er, hefur hann veitt þekkingu og reynslu sinni áfram með útgáfu á samtals þremur bókum: *Fjöll á Fróni* (2010) og í þeim tveimur bókum í samvinnu við Ara Trausta sem þegar nefndar voru í 2.2.1, *Fólk á fjöllum* (1999) og *Íslensk fjöll* (2004 og 2013).

### 2.2.3 Samanburður á höfundum með tillit til ritstíls þeirra

Það má segja að höfundarnir tveir, Ari Trausti Guðmundsson og Pétur Þorleifsson, hafi a.m.k. einn mikilvægan eiginleika sameiginlegan, sem er ástríðan fyrir fjöllum, útivist og náttúru. Þeir eru ólíkir að því leyti að á meðan Pétur Þorleifsson hefur aðeins einu sinni ferðast til útlanda, hefur Ari Trausti ferðast út um allan heim. Þessi munur er kannski ekki mjög auðséður í þeim fáu köflum sem hafa verið þýddir fyrir þetta lokaverkefni en skín í gegn t.d þar sem Ari Trausti ber Snæfellsjökull saman við Mt. Fuji í Japan (FT:250).

Sá munur sem búast má við varðar orðaforða þeirra, enda skilur á milli þeirra bæði í aldri- sem og menntun sem gæti orsakað mismunandi orðaval. Þar sem Ari Trausti hefur lokið háskólanámi í jarðfræði er ekki ólíklegt að hann notist við fleiri íðorð, sérstaklega í jarðfræði, en Pétur. En þar sem hann er líka rithöfundur smásagna og ljóða er hugsanlegt að ritstíll hans sé almennt aðeins formlegri og skáldlegri í samanburði við stíl Péturs.

Efnið sem þýtt var fyrir þetta verkefni er líkast til of lítið ummáls til þess að sannreyna eða afsanna þessar fullyrðingar, til þess þyrfti að bera saman meira magn lesefnis. Samt sem áður má finna nokkur mismunandi atriði eða einkenni í þeim köflum sem hér voru þýddir.

Hlutfallslega má finna fleiri tilvísanir í þjóðsagnaefni í köflum eftir Pétur (þrisvar sinnum) en í þeim sem skrifaðir voru af Ara Trausta (einu sinni). Ef skoðaðar eru sögu- og menningarlegar tilvísanir má finna fjórar hjá Péttri og þrjár hjá Ara Trausta. Þrátt fyrir það að hlutfallslegur munur sé ekki mjög stór er hægt að líta á hann sem vísbendingu um að Pétur sé kannski aðeins tengdari íslenskri menningu, þ.e. þjóðsögum og (fjallamennsku-)sögu Íslands en Ari Trausti (sbr. 4.2.3).

Sérstakt einkenni í göngulýsingum Péturs er fjöldi örnefna og, í þessu samhengi, mjög nákvæm lýsing á svæðinu og því sem fyrir augu ber í landslaginu, sérstaklega þar sem hann lýsir útsýni frá tindunum. Þegar lesnir eru þessir kaflar leikur enginn vafi á þeim orðum Páls Ásgeirs sem hann skrifaði í *Fjöll á Fróni* að „minni hans [Péturs] á örnefni og leiðir er enn hnífskarpt“ (Fjöll á Fróni 2010:12). Samt sem áður gerir fjöldi örnefna það stundum að verkum að textinn verður svolítið erfiður þýðingar, þar sem þessi örnefni segja þýskum lesendum í fæstum tilfellum nokkuð, eða a.m.k. ekki mikið nema þeir hafi nú þegar farið víðar um landið. Nánar verður fjallað um þetta í þýðingu örnefna og staðarheita í kafla 4.1.

Það sem rætt var um orðaforða í byrjun þessa kafla, þ.e. sérstaklega íðorðaforða úr jarð- og jöklafræði reyndist að sumu leyti rétt því Ari Trausti notar fleiri íðorð en Pétur. Samt sem áður finnast sambærileg orð líka í frekar miklum mæli hjá Péttri. Ástæða þess gæti

verið nán tengsl milli fjallamennsku og jarðfræði: form landslags vekur yfirleitt áhuga göngumanna og flestum göngugörpum finnst gaman að vita hvernig göngusvæðið hefur myndast enda leita þeir oft eftir jarðfræðilegum skýringum. Þannig séð er kannski ekki rétt að segja að munur á menntun endurspeglar svo mikið í stíl þeirra. Það kemur nefnilega skýrt í ljós að Pétur er líka fróður um jarðfræði þrátt fyrir að hafa ekki háskólagráðu til að flagga í því fagi.

Á hinn bóginn er hægt að sjá aðeins skáldlegri orðanotkun og e.t.v. heimspekilegan og rómantískan blæ í stíl Ara Trausta. Í samhengi við Snæfellsjökul notar hann t.d. orð eins og „kórónan í langri röð“ (FT 250), „syðri hluti háfjallsins er krýndur þremur litlum tindum“ (FT 250). Orðin *kórónan* og *krýndur* eru ekki hlutlæg heldur skáldleg og jákvæð og fela í sér ákveðið verðmætamat.

Þrátt fyrir að Ari Trausti skrifi ekki um Herðubreið sem *drottningu íslenkra fjalla* eins og venjulega er gert, má samt sjá eins konar persónugervingu hér. Hann kallar hana „nágrann[a] Kollóttudýngju“ (FT:104), „sem er meðal fegurstu fjalla landsins, ef ekki það fegursta“ (FT:104), sem „rís um 1100 metra yfir umhverfið, jafnbrött á allar hliðar, með [...] koll, skreyttan snjóskellum lengst af sumri“ (FT:104). Lýsingin hljómar sérstök og að nokkru leyti skáldleg.

Svo varpar Ari Trausti líka fram tveimur spurningum í köflunum um Helgafell og Hrolleifsborg. Önnur spurning birtist í lok lýsingarinnar á Hrolleifsborg þar sem hann skrifar um seiðandi útsýni. Spurningin er opin og hefur rómantískan, meira að segja heimspekilegan blæ: „Er það vegna þess að menn vita hve einir þeir eru í veröldinni nyrst á Vestfjarðarkjálkanum?“ (FT:121). Hinni spurningunni „Gæti því verið að fjall eins og Helgafell hafi notið sérstaks álits í heiðnum síð?“ (FT:98) er hins vegar strax afneitað með orðunum „ekki er lagður dómur á slíkt hér [...]“ (FT:98) og hún missir þar með svoltið áhrif sem stílbragð.

Þar að auki eru setningar Ara Trausta oft langar og stundum ansi flóknar þannig að í sumum tilfellum var stíllinn einfaldaður með því að brjóta setningar upp í smærri einingar (sbr. kafla 4.3.3). Það kemur fyrir að hann setji ónákvæmar og óþarfar upplýsingar fram t.d. leið sem er ekki lýst.

Aðalspurningin sem þýðandi þarf að spyrja sig hér með texta eftir tvo mismunandi höfunda er hvort mögulegt og eðlilegt væri að reyna að herma eftir stíl beggja rithöfunda og láta mismuninn skína í gegn í marktöxtanum eða ekki? Þessari spurningu verður einkum svarað með tilliti til textategundar og markmiðs. Nánar verður fjallað um þessa spurningu í lok þriðja kafla.

### 3. Þýðing – kenningar, markmið og aðferðir

#### 3.1 Textinn í ljósi Skopos-kenningar

Upp úr 1980 áttu sér stað nokkurs konar breytingar í þýðingarfræði sem fram að því hafði fyrst og fremst einkennst af málvísindalegu viðhorfi. Til urðu nýjar kenningar sem grófu undan kenningum um *jafngildi* sem ríkjandi var á þessum tíma. Hugtakið *jafngildi* hefur verið margrætt í þýðingafræði en fyrst og fremst eru Eugene A. Nida og Charles R. Taber (1969) þeir sem tengdir eru þessu hugtaki. Aðalhogmynd þeirra Nida og Taber var sú að allt sem hægt er að segja á einu tungumáli væri hægt að segja á öðru tungumáli með „sama gildi“, eða m.ö.o. að hægt væri að endurskapa (sömu) boð eða skírskotun í markmáli sem væri jafngild skírskotun í frumtextanum (sjá Pym 2010:5, 27), a.m.k. á meðan formið væri ekki mikilvægur hluti af skírskotin (sjá Stolze 2001:94). En smátt og smátt fóru fleiri þýðingarfræðingar að efast almennt um jafngildi og byrjuðu að skoða jafngildi frá mismunandi sjónarhornum. Meðal annars takmarkaði Nida sjálfur hugtakið að því leyti að hægt væri að ná jafngildi varðandi mismunandi aðalatriðum í textanum (t.d. merkingu (*dynamic equivalence*) eða formi og stíl (*formal equivalence*)) (sjá Pym 2010: 6 o. áfr., sbr. líka 3.2).

Eina þeirra nýrri kenninga, hina svokölluðu Skopos-kenningu, settu Katharina Reiss og Hans Vermeer fram í riti sínu *Grundlegung einer allgemeinen Translationstheorie* sem kom út árið 1984. Skopos-kenningin átti eftir að verða ein mikilvægasta þýðingar-kenning samtímans. Orðið *skopos* þýðir á grísku ‘markmið’ eða ‘tilgangur’. Reiss og Vermeer horfa á hvern texta sem athöfn sem einhver (höfundur) framkvæmir með ákveðin markmið eða tilgang í huga. Textinn er athöfn að því leyti að hann býr til samskipti milli höfunda, þ.e. textaframleiðanda, og lesanda, þ.e. textaviðtakanda. Textinn eða athöfnin sjálf fer fram í ákveðnum aðstæðum, hann er háður tíma og rúmi og hefur ákveðið hlutverk og tilgang (sjá Pym 2010:43-50, Reiss og Vermeer 1991:95-105 o. áfr.; Stolze 2001:188-191, 191-193).

Meginhogmynd Reiss og Vermeer er sú að þýðandi þarf að þekkja tilganginn, þ.e. *skopos* frumtextans og ákveða hver tilgangur markttextans er. Hugsanlegt er að verkbeiðandi ákveði tilganginn. Oft skulu bæði frum- og markttextinn hafa sama tilgang (t.d. auglýsing, fæðingarvottorð) en stundum er tilgangur markttextans annar. En mjög oft eru engin fyrirmæli eða upplýsingar gefnar og þarf þýðandi þá að ímynda sér tilgang markttextans. Eftir að tilgangur hefur verið ákveðinn skal þýðandi þýða textann á þann hátt að hann nær þessu *skopos* (þ.e. markmiði) textans, í staðinn fyrir að fylgja nákvæmlega

frumtextanum. Með öðrum orðum, hægt er að þýða á mismunandi hátt og þýðingaraðferðin fer eftir því hver tilgangur markttextans er (sjá Pym 2010:43-50; Reiss og Vermeer 1991:95 o. áfr., 103 o. áfr.; Stolze 2001:122-123, 191-193).

Í samhengi við tilganginn þarf fyrst og fremst að velja fyrir sér hverjir lesendur markttextans eru, þ.e. hafa markhópin í huga til þess að tryggja að hann skilji þýddan textann og að markttextinn hafi æskileg áhrif á hann. Til þess er nauðsynlegt að skoða t.d. hver er menningarlegur bakgrunnur, aldur, þekking og menntun viðtakandans. Aðalspurningar eru þá: Til hvers og fyrir hvern er textinn þýddur? Hvert er markmið hans – og hver er markhópurinn? Er markmið markttextans það sama og frumtextans?

### **3.2 Markhópurinn, markmið og kröfur til markttextans**

Ef við skoðum markttexta þýðingarverkefni míns í ljósi Skopos-kenningar þá er *skopos* hans það að veita fyrst og fremst sömu upplýsingar og frumtextinn, eins nákvæmlega og hægt er, til þess að markhópurinn rati öruggleg upp á fjall rétt eins og lesendur frumtextans á íslensku (sbr. 2.1).

Markhópur markttextans eru þýskumælandi lesendur á öllum mögulegum aldri sem eiga það sameiginlegt að stefna á fjallgöngu á Íslandi hvort heldur það er styttri eða lengri dagsferð. Hins vegar getur þekking lesendanna á Íslandi, veðurfari og jarðfræði sem og reynsla þeirra í fjallgöngum verið mjög mismunandi: Lesendur geta t.d. verið fólk með almenna fjallareynslu en enga ferðareynslu á Íslandi, fólk sem hefur ferðast á Íslandi en hefur kannski enga reynslu af fjallgöngum, m.ö.o. allt milli þess að vera algerir byrjendur eða mjög reynt fólk hvað varðar bæði fjallamennsku og íslenskar aðstæður.

Þess vegna þarf markttextinn að vera byrjendum auðskiljanlegur en einnig að standa undir væntingum göngugarpa. Það þýðir að í sumum tilfellum er þörf á að bæta við upplýsingum og útskýra hluti nánar fyrir hinn þýska lesenda eða fyrir byrjendum þar sem sem allt virðist augljóst fyrir Íslendingum og reynsluboltum í fjallamennsku.

Markmið markttextans er sem sagt að hafa sömu áhrif á markhóp og frumtexti hefur á sína lesendur: Hann þarf að gefa lesendum þær upplýsingar sem þeir þurfa á að halda til þess að undirbúa sig vel fyrir gönguna og ná tindinum á öryggan hátt en um leið gera þeim kleift að njóta útsýnis. Með orðum Eugene Nida er reynt að ná áhrifafjafngildi (*dynamic equivalence*) (sjá Pym 2010:31, Jón G. Friðjónsson 2006:15), þ.e. er markttexti hefur sama

hlutverk og frumtexti.<sup>4</sup> Þar af leiddar eru eftirfarandi kröfur til markttextans: Hann þarf fyrst og fremst að vera auðskiljanlegur, ótvíráður og í samræmi við kort og myndir. Auk þess skal hann hljóma eins náttúrulega í markmáli og unnt er (sbr. Nida og Taber 1974:12, Jón G. Friðjónsson 2006:15). Í handbók sem þeirri sem hér er til umfjöllunar þarf textinn því vera skýr og afdráttarlaus og veita aukaupplýsingar fyrir þýska lesendur t.d. um Ísland og staði ef nauðsynlegt er fyrir skilning.

Á hinn bóginn ætti samt ekki alveg að tapa stíl höfundar enda er hér rætt um þýðingu en ekki aðlögun. Af þessari ástæðu var reynt að fylgja þýðingaraðferð á grundvelli tjáningar (*communicative translation*, sjá Jón G. Friðjónsson 2006:15), þ.e.a.s. leitast við að koma nokkrum sérkennum höfundar til skila eins og kostur er. En á sama tíma var dregið úr ýmsum atriðum (t.d. setningaskipan, persónugervingum) til þess að koma merkingunni fram í eðlilegum búningi á markmáli (sjá Jón G. Friðjónsson 2006:15) og standa undir væntingum markhóps um ferðahandbók, enda er megináhersla lögð á boðskap frumtextans og markttextinn þarf að vera einfaldur og gagnorður. Stíllinn fær sem sagt ekki forgang í þýðingu, hvorki hvað varðar muninn milli höfundanna tveggja, né í þeim textahlutum sem telja má til þjóðsögulegs eða menningarlegs efnis og þar með til annarrar textategundar. Í þessum hlutum hefði verið mögulegt að nota enn formlegra orðalag eða gefa frekari „gamaldags blæ“ en gert var, en sú leið var ekki farin þar sem það virtist ekki hljóma eðlilega á þýsku.

---

<sup>4</sup> Þótt Skopos-kenningin og hugtök sem jafngildi fari venjulega ekki saman er hægt að horfa á jafngildi hér sem stöðugt eða óbreytt hlutverk (*constant function*) og þar með sérstakt tilfelli samkvæmt kenningunni (sbr. Pym 2010:44). Innan ramma áhrifajafngildis hins vegar er viðurkennt að þýðendur hafa fleiri möguleika til að velja frá og að þættir sem stýra vali þeirra finnast ekki bara í frumtextanum heldur líka „í nálægu umhverfi“ þýðandans. Á þennan hátt eru skoposkenningin og hugtakið áhrifajafngildi að nokkru leyti „samrýmanleg“ (sjá Pym 2010:38).

## 4. Þýðingarvandamál og lausnir

Í þessum kafla verður fjallað um helstu vandamál sem upp komu í þýðingunni og verður í því samhengi farið yfir bæði orðfræðileg, menningarleg og málfraeðileg atriði og lýst hvernig reynt var að finna lausn á þeim.

### 4.1 Almennar athugasemdir

Þar sem frumtextinn samanstendur af textum, kortum og myndum er skilyrði fyrir marktettann að samræmi sé milli þeirra, þ.e. upplýsingar í textanum eiga að passa við upplýsingar á kortum og myndum annars þarf að breyta marktettanum, helst í samkomulagi við höfundana<sup>5</sup>. Þessar upplýsingar eru t.d. hæðartölur, hæðarlínur og aðrar sjónrænar upplýsingar eins og stefna áa og vega. Mikilvægast í þessu er samhengi íslenskra örnefna og staðarheiti. Þau geta oft valdið vandræðum fyrir útlendinga þar sem sum eru mjög svipuð en samt ekki þau sömu eða vegna þess að til eru fleiri en einn staður með sama nafn (t.d. Reykholt eða Helgafell). Einnig er mögulegt að þýðandi hafi gleymt að breyta beygingu og hafi ekki skrifað orð í nefnifalli. Í erlendum handbókum eru örnefni oft aðlöguð að stafrófi þess tungumáls sem þær eru skrifaðar á. Sem dæmi má nefna er *P* oft skrifað sem *Th* og stundum sem *P* (t.d. Thingvellir og Þórsmörk), *ð* sem *d* eða stundum *o*, *æ* sem *ae* o.s.frv. Ef ferðamenn kaupa svæðiskort á Íslandi með staðarheitum skrifuðum með íslenskri stafsetningu geta þeir stundum lent í erfiðleikum með að átta sig og eiga á hættu að ruglast á nöfnum og stöðum. Til þess að vera í samræmi við kort og forðast þennan misskilning voru örnefni yfirleitt flutt beint yfir í þýsku, þ.e. í íslenskri stafsetningu með *ð*, *P*, *æ* og án skáleturs.

Þar sem örnefni á íslensku eru oft samsett úr orðliðum sem lýsa eða eiga við stað og landslag, yfirleitt sem síðari hluta, eins og *-fjall*, *-fjörður*, *-dalur*, *-heiði* o.s.frv., verður í marktettanum reynt að þýða og útskýra orðliðinn og bæta við hann örnefni, þ.e. gefa aukaupplýsingar um staðartegund: *der Fjord Hvalfjörður* (MT:42) ‘fjörðurinn Hvalfjörður’, *das Tal Kúludalur* (MT:42) ‘dalurinn Kúludalur’, *der Gletscher Snæfellsjökull* (MT:43) ‘jökullinn Snæfellsjökull’, *die Hochebenen Holtavörðuheiði und Tvídægra* (MT:44) ‘heiðirnar Holtavörðuheiði og Tvídægra’. Þetta er líka gert þar sem ekki kemur fram í örnefninu sjálfu og heldur ekki í samhengi um hvaða stað eða staðartegund (t.d. vatn, fjall) rætt er. Svo er m.a. skrifað í marktettanum *der Berg Esja*

---

<sup>5</sup> Dæmi um ónákvæmni í frumtextanum er í kafla um Herðubreið þar sem í frumtextanum er talað um „afleggjara til vesturs“ (FT:105), en samkvæmt Kortabók Máls og menningar (2011) er átt afleggjarans til norðvesturs.

(MT:43) ‘fjallið Esja’, *die Berge Hafnarfjall und Ölver* (MT:43) ‘fjöllin Hafnarfjall og Ölver’, *der Verwaltungsbezirk Dalasýsla* (MT:44) ‘sýslan Dalasýsla’ o.s.frv., a.m.k. þar sem sýnist vera þörf á smá útskýringu til þess að auðvelda Þjóðverjum lesturinn. Stundum var hluti örnefna eða fjallheita þýddur: þannig eru Herðubreiðartögl sett fram í textanum sem *Schweif der Herðubreið* (MT:50). Sú ímynd sem lesandi fær er ansi myndræn, því Herðubreiðartögl á Herðubreið eru eins og tögl á hestum. Annað dæmi eru börn í Keilisbörn sem eru líka þýtt í textanum *Kinder des Keilir* (MT:54) og bætt við nafni. Eins og nefnt var í 2.2.3 er í köflum eftir Pétur fjöldi örnefna og fjallaheita svo ekki var alveg hægt að fylgja ákveðinni stefnu heldur reynt að útskýra nánar þar sem nauðsynlegt og mögulegt var.

Ef bókin *Íslensk fjöll* væri þýdd í heild þá væri ráðlegt að setja saman orðalista (íslenskan-þýskan) yfir almenn landslagsorð á borð við *á, dalur, fjall, fell, fjörður, foss, heiði* o.fl. og birta hann í byrjun bókarinnar. Þannig mætti auðvelda skilning á textanum fyrirfram og ekki nauðsynlegt að endurtaka þessi orð aftur og aftur í textanum.

Veganöfn voru yfirleitt þýdd eða útskýrð og auk þess var vegnúmerum bætt við til öryggis, t.d. Keflavíkurvegur - *Straße nach Keflavík (Nr. 43)* (MT:54); Norðurlandsvegur – *– Ringstraße (Nr. 1) in Richtung Norden* (MT:45), vegurinn yfir Hellisheiði – *Ringstraße (Nr. 1) über das Plateau Hellisheiði* (MT:48), Hellisheiðarvegur – *Straße über das Hellisheiði* (MT:48). Í kaflanum um Herðubreið var vegnúmeri F88 (MT:50) bætt við til öryggis án þess að vegurinn sé nefndur í textanum.

## **4.2 Orðfræðileg og menningarleg atriði**

Í þessum kafla er kastljósinu beint að helstu orðfræðilegum og menningarlegum atriðum sem ollu nokkrum erfiðleikum eða kröfðust sérstakrar umhugsunar í þýðingunni. Þar á meðal eru íðorð úr jarðfræði og útivist.

### **4.2.1 Íðorð úr jarðfræði og útivist**

Íðorð úr jarðfræði annars vegar og útivist hins vegar eru einkenni sem lesandi má búast við þegar hann fer að lesa ferðahandbók um fjallgöngur, bæði sem frumtexta og marktenta (sbr. kafla 2.1, 3.1). Þar sem hér er um að ræða bók um fjallgöngur á Íslandi, landi sem þekkt er fyrir eldvirkni og jökla, hafa jarðfræðiorð nokkurs konar sérstöðu í textanum og mega ekki vanta.

Eins og sagt var í kafla 3.1 gildir það jafnt fyrir frumtextann og marktenta að þeir eru hugsaðir fyrir lesendur sem hafa enga sérþekkingu í jarð-, eldfjalla- eða jöklafræði en skulu



á sama tíma standa líka undir væntingum jarðfræðinga. Á hinn bóginn þarf líka að hafa í huga að hinn „venjulegi“ íslenski lesandi (án þess að vera sérfræðingur) ætti að búa yfir meiri þekkingu á jarðfræði og ætti þar af leiðandi að þekkja fleiri íð- eða fagorð í þessu samhengi en hinn þýski lesandi þar sem eldfjöll, eldgos, hraun, flekar o.sv.frv. eru einfaldlega alltaf „til staðar“. Þau eru náttúrulegur hluti af umhverfinu og landslagi og þannig hluti af daglegu lífi á Íslandi.

Af þessum sökum þarf þýðandi að fara varlega með notkun þessa íðorða í marktöxtanum og þörf getur verið á að útskýra ekki bara fræðiheiti heldur einnig orð sem eru í hefðbundinni notkun á Íslandi en kannski ekki í Þýskalandi (orðið *móberg* er t.d. algengt orð í íslenskum náttúruorðaforða, þar sem það er mjög algengt bergtegund á landinu; en *Tuffstein/ Palagonit* telst ekki til orðaforða sem hver og einn Þjóðverji þekkir og notar.

Markmiðið er því að ná sömu áhrifum á lesandann og frumtextinn (sbr. 3.2), þ.e. meðal annars að hvetja hann til fjallgöngu og komast hjá því að hann „gefist upp“ vegna vanþekkingar eftir lesturinn. Ekki er alltaf auðvelt að ákveða hvenær og hversu mikið þarf að útskýra í marktöxtanum til þess að tryggja skilning hjá öllum lesendum annars vegar og þreyta ekki þá lesendur sem meiri frumþekkingu hafa. Í sumum tilfellum er erfitt að greina hvort orðin heyri til jarðfræðiíðorðaforða eða til almenns orðaforða, þar sem það fer alltaf eftir frumþekkingu, uppruna og áhugamálum. Samt sem áður verður hér reynt að mynda flokka til að gefa betri yfirsýn, sjá töflu 1 hér að neðan.

Sem jarðfræðiíðorð má telja orð sem innihalda vísindalega, ákveðna skilgreiningu sem (oftast) er eining um í jarðfræði og hjá sérfræðingum á þessu sviði sem kunna að nota þessi orð í samhengi við viðfangsefnið. Frumskilyrði þess að útskýra íðorð er auðvitað að skilja þessi orð og þekkja mismuninn milli merkinga ólíkra orða. Vegna skorts á góðum fagorðabókum og mismunandi upplýsingum sem finnast í kennslubókum og á netinu (sem geta verið mismunandi eða ónákvæmar) getur skilningur og orðaleit verið krefjandi fyrir þýðanda. Rafrænar orðabækur eins og orðabókasafnið *Snara* og íðorðasafn *Orðabanka íslenskrar málstöðvar* sem og orðalisti úr Leiðsöguskólanum eru nú þegar góð hjálpargögn en finna mátti stundum ósamræmi þar á milli. Oft er nauðsynlegt að leita í fagbókum og bera saman upplýsingar úr bókum við hugtök sem finnast á netinu.

Í þýðingunni var reynt að notast fyrst of fremst við þau orð sem orðabækur eða orðalistar gefa og í tilfellum þar sem fleiri möguleikar voru var reynt að finna út hvort merkingarmunur væri milli mismunandi orða og ef ekki þá tekin sú lausn sem gaf flestir niðurstöður í *google*-leit, þ.e. mest notuð.

|  |  |   |
|--|--|---|
| <p><b>a) <u>Jarðfræðiíðorð í eiginlegum skilningi:</u></b></p> <p>baulusteinn – Baulastein, Baulit<br/> berghlaup – Bergsturz,<br/> Bergrutsch;<br/> blágrýti – Basalt<br/> dyngja – Schildvulkan<br/> eldstöðvakerfi – Vulkansystem<br/> framhlaup – Gletscherlawine<br/> frostveðrun – Frostsprengung<br/> gígkeila – Kraterkegel<br/> gjalltindur – Schlackespitze<br/> helluhraun – Pahoehoe-Lava,<br/> Fladenlava<br/> hraungúll – Lavakuppe, Lavadom,<br/> Staukuppe<br/> hveljökull – Gletscherkuppe<br/> innskot – Intrusion<br/> jökunarmörk –<br/> Vergletscherungsgrenze<br/> jökulhlaup – Gletscherlauf<br/> jökulhvel, jökulhetta – Eiskappe,<br/> Eisdecke<br/> jökulskeið (ísaldar) – Glazial/<br/> Gletscherperiode<br/> jökulsker – Nunatak<br/> jökulsprunga – Gletscherspalte<br/> klepratindur – Geröllspitze<br/> kubbaberg – wirr gesäulter Basalt<br/> kvika – Magma<br/> lausamöl – loses Geröll<br/> líparít – Rhyolith<br/> líparítskriður – Rhyolithänge<br/> megineldstöð – Zentralvulkan<br/> móberg – Tuff(stein), Palagonit<br/> móbergshlíar – Tuffschräge<br/> móbergshnúkar (f – Tuffhügel<br/> móbergshryggur – Tuffrücken<br/> móbergsklappir – Tuffstufen<br/> (hillur)<br/> móbergstapi – Tafelberg<br/> móbergssökull – Tuffsockel<br/> skál – Bergkessel, Kar<br/> skarð – 1. Sattel, 2. Scharte<br/> snælína – Schneegrenze, Firnlinie<br/> vikur – Bimsstein</p> | <p><b>b) <u>Jarðfræðiíðorð í algengum orðaforða:</u></b></p> <p>eldfjall – Vulkan<br/> gígur – Krater<br/> gufuhver – Dampfquelle,<br/> Fumarole<br/> hraun – Lava, Lavafeld(er)<br/> skriðjökull – Gletscherzunge</p> | <p><b>c) <u>Útivistar-/ fjallamennskuorð:</u></b></p> <p>gönguhækkun – Anstieg<br/> göngulengd – Weglänge<br/> ísöxi – Eisaxt<br/> jöklabúnaður –<br/> Gletscherausrüstung<br/> klifurtæki – Klettertechnik<br/> leiðarmat – Gesamteinschätzung<br/> mannbroddar – (Eis-)<br/> Gletschersteigeisen<br/> neyðarskýli – Notschutzhütte<br/> steinkast – Steinschlag<br/> uppgöngutími – Aufstiegszeit<br/> varðaður – mit Steinmalen<br/> markiert<br/> varða – Steinmal, Steinmännchen</p> |
|--|--|---|

Tafla 1: Dæmi um jarðfræðiíðorð (íslenska-þýska)

Í samhengi við ofangreind dæmi má segja að í flestum tilfellum séu til jafngild eða sambærileg íðorð á þýsku (t.d. *gígkeila – Kraterkegel*, *frostveðrun – Frostsprengung*). En stundum er ekki einföld samsvörun, heldur getur verið um að ræða að fleiri en eitt orð í markmálinu samsvari tilteknu íðorði eða ekkert orð fyrirfinnist. Fyrir orðið *hraungúll* finnst t.d. í Orðabanka íslenskrar málstöðvar bæði *Lavakuppe*, *Lavadom* úr einni heimild og svo *Lavadom* og *Staukuppe* úr annarri heimild. Þrátt fyrir það að *Lavadom* sýnist vera

algengara eftir leitarniðurstöðum á netinu en *Staukuppe* og *Lavakuppe*, var hér valið *Lavakuppe* vegna þess að leitarniðurstöður fyrir *Lavadom* eru ekki mjög trúverðugar enda líka notað í öðru samhengi sem nafn fyrir skemmtistað eða bar. M.a. finnast líka skýringar þar sem flöt *Lavakuppe* er það sama og *dyngja* (sjá *Satellitengeographie im Unterricht* 2015) en *dyngja* á hinn bóginn heitir *Schildvulkan* á þýsku. Þar sést vel hversu flókin orðaleit getur verið.

Ekki er til jafngilt orð fyrir samsetta orðið *baulusteinn* á þýsku en vegna þess að þýskt tungumál notast líka við samsetningar við orðamyndun mætti skipta orðinu í tvennt og þýða „hvorn hluta“ fyrir sig (það gæti verið álitamál ef *Baula* sem nafn er þýtt beint). Hugsanlega mætti hér nota aðferð sem á þýsku er kölluð *Lehnübersetzung* (sjá Koller 2004:233) eða tökuþýðing (*calque*, sbr. Pym 2010:13) til þess að mynda orðið *Baulastein*. Mikilvægt er að orðið *Baulastein* verði skiljanlegt í samhengi við fjallið *Baulu*.

Það sama gildir fyrir samsett orð sem innihalda orðið *móberg* en til eru mörg form úr þessari bergtegund þar sem ekki finnast alveg jafngild orð á þýsku. Hægt er að mynda sambærileg samsett orð á þýsku þar sem notuð er bergtegundin, þ. e. hér *móberg* – *Tuff* á þýsku, og svo formið, t.d. *hryggur* – *Rücken*, samsett *móbergshryggur* – *Tuffrücken*. Áhugavert er að orðið *móbergsstapi* er á þýsku bara *Tafelberg* í staðinn fyrir *Tufftafelberg* án þess að taka fram úr hvaða bergtegund það er, án bergtegundarinnar *Tuff*. Ástæða þess er að *Tafelberg* (stapi) er alltaf úr móbergi og þess vegnaer íðorðinu *Tuff* sleppt í þýsku. Á íslensku er líka hægt að tala bara um stapa í staðinn fyrir móbergsstapa, samt virðist algengara að orðið *móbergsstapi* sé notað. Nefna má að orðin *móbergsfláir* og *móbergsklappir* geta verið greind sem landslagslýsandi orð (þar sem þau lýsa fyrst og fremst formi) en það er erfitt að finna orð með sambærilega merkingu fyrir *fláa* og *klöpp*. Nánar verður fjallað um þau í næsta kafla 4.2.2.

Almennt hafa íðorð í marktöxtanum verið útskýrð þar sem ekki er hægt að skilja eða a.m.k. ímynda sér merkingu af textasamhenginu. Orðið *hraungúll* er t.d. útskýrt í samhenginu í frumtextanum<sup>6</sup>, *innskot* (*Intrusion* á þýsku) ekki. Hér var nauðsynlegt að annað hvort útskýra *Intrusion* í marktöxtanum í fleiri orðum (aðferð *explicitation* (sjá Pym 2010:14; Nedergaard-Larsen 1993:219) eins og gert er í þýðingu kaflans um *Baulu* („d.h. in die Erdkruste vorgedrungenes und erstarrtes Magma ist“ (MT:45)) eða að útskýra fyrirbærið í neðanmálgrein.

---

<sup>6</sup> „Baula var talinn af þeirri gerð fjalla sem hraungúll nefnist og myndast á þann hátt að hraunið ýtist upp í einu gosi en breiðist lítt út.“ (FT:24)

#### **4.2.2 Landslagslýsandi orð og mismunandi merkingargreining í íslensku og þýsku**

Þrátt fyrir að stundum sé erfitt að greina milli jarðfræðiorða og landslagslýsandi orða er hér gerður greinarmunur á. Á meðan jarðfræðiorð hafa vísindalega, ákveðna skilgreiningu, má skilja landslagslýsandi orð sem orð sem notuð eru til þess að lýsa landslaginu, gerð og formi fjallanna og jarðvegi (eiginlega eins og jarðfræðiorð) en eru algeng í almennum orðaforða. Það þýðir að þau eru skiljanleg fyrir hinn hefðbundna lesanda sem hefur kannski ekki sérstaka menntun í jarðfræði, og notuð af honum í hversdagslegum aðstæðum.

Orðin *dyngja* og *helluhraun* t.d. teljast til jarðfræðiorða vegna þess að þar er eining um hugtak í vísindum hvað varðar mótun og form þeirra, þrátt fyrir það að þau geti verið mjög „lýsandi“ fyrir lesanda sem hefur þekkingu á jarðfræði þar sem hann getur vel ímyndað sér hvernig landslagið lítur út.

Aðalmismunurinn er sá að hér er ekki nauðsynlegt að allir lesendur eða allar persónur séu sammála varðandi það hugtak sem liggur á bak við orðið heldur að myndin sem einstaklingurinn sér þegar hann heyrir orðið getur verið með ólíkum hætti. Auk þess er líka mjög mismunandi hvernig einstaklingar skynja náttúru og umhverfið sitt og einnig hvernig þeir myndu lýsa því. Hér skal vekja sérstaka athygli á að oft er það ekki bara einstaklingsbundið heldur líka menningarbundið. Því getur verið talsverður munur á því hvernig Íslendingur horfir á íslenska náttúru og greinir hana og hvernig Þjóðverji skynjar hana. Þessi ólíka skynjun umhverfisins getur valdið erfiðleikum í þýðingarferlinu. Merking orðanna eru oft greind á mismunandi hátt. Eitt þekkt dæmi er að það eru fleiri orð fyrir snjó og ís á íslensku og enn fleiri á grænlensku en á þýsku af því snjór og ís gegna mikilvægara hlutverk í íslenskri og grænlensku náttúru. Í frumtextanum er einnig rætt um náttúruþyrri sem ekki finnast í landslagi í umhverfi lesanda marktans, eða kannski ekki í eins fjölbreytti formi. Eftirfarandi tafla sýnir nokkur dæmi orða sem hægt er að greina sem landslagslýsandi orð:

|  |  |  |
|--|--|--|
| <p><b>a) <u>Ytri „mörk“ fjalls:</u></b></p> <p>barmur – Rand, Grat<br/>brún – Rand, Kante<br/>jaðar – Rand, Kante<br/>kambur – Kamm, Grat, Rücken, Bergkante<br/>rimi – 1. Rand, Kante (2. (mit Gras bewachsene) Anhöhe; 3. flacher, länglicher Hügel<br/>öxl í fjalli – Bergschulter</p> <p><b>b) <u>Efsti hluti fjalls:</u></b></p> <p>fjallshyrna – Bergspitze<br/>gjall- og klepratindar – Schlacke- und Geröllspitzen<br/>háfall – hoher Berg, Gipfel<br/>hátindur – hoher/höchster Gipfel<br/>kollur – (abgerundeter) Gipfel<br/>tindur – Gipfel, Bergspitze</p> | <p><b>c) <u>Form og stærð á fjöllum:</u></b></p> <p>ás – (langer, flacher) Hügel, flacher Rücken<br/>dæld – Senke, Becken, Mulde, Tal/ Talkessel, (Spalte)<br/>gil – Schlucht, Klamm<br/>[gjá – Spalte, Schlucht]<br/>gljúfur – Schlucht, Canyon<br/>háls – Anhöhe, Erhöhung, Pass, Hals<br/>skarð – 1. Sattel, 2. Scharte (eftir samhengi)<br/>smáfell – kleiner Hügel, Anhöhe<br/>vik – Scharte, Mulde<br/>þúfa – Grashöcker</p> | <p><b>d) <u>Efni, stærð og gerð vfirborðs:</u></b></p> <p>fannbreiða – Schneehänge, Schneeebene(?)<br/>fönn – Schnee, Schneeflecken, Schneeverwehungen<br/>malarhjallar (ft.) – Kieshänge, Kiesschrägen<br/>melur – Kies, Kiesebene, (Sand- und Kieshügel, Schotterfläche)<br/>melásar – Kieshügel<br/>móbergsfláir – Tuffschräge<br/>móbergsklöpp – Tuffstufen, (Tuffplatten, Tuffabsatz)</p> |
|--|--|--|

Tafla 2: Dæmi um landslagslýsandi orð (íslenska-þýska)

*Þúfa* t.d. er mjög íslenskt fyrirbæri sem getur verið erfitt að þýða. Formið og „efnið“ er hægt að útskýra á þýsku með *Grashöcker* eða *Grashügel*, en samt hafa Þjóðverjar ekki sömu hugmynd og aukamerkingu og Íslendingar, í þessu tilfalli hvernig þúfan verður til vegna víxlverkunar frosts og þíðu, þ.e. frostverkunar og myndunar holklaka (sjá Jóhann Ísak Pétursson og Jón Gauti Jónsson 2008:209-211). Hér er reynt að skapa mynd sem er næst þeirri í frumtextanum, herma eftir sjónrænni mynd og útliti þúfunnar í hugum lesenda marktíttans.

Mun erfiðara er að athuga hvort og ef merkingarmunur er milli orðanna sem kallar mögulega fram sömu hugmynd hjá útlendingum. Til eru orð sem hafa sömu eða nánast sömu merkingu, en Íslendingar skynja blæbrigðamun í merkingu. Erfiðleikum veldur líka að þessi merkingarmunur getur verið persónulegt álitamál og breytilegur milli manna. Gagnlegt væri að gera könnun varðandi landslagshugtök, með hjálp teikninga, til þess að athuga hvað orð á borð við t.d. *brún*, *kantur*, *barmur*, *jaðar*, *rönd* og *rimi* eða *vik*, *skarð*, *gil*, *gjá*, *gljúfur* myndu kalla fram í hugum Íslendinga, hvernig þeir myndu lýsa fyrirbærunum eða í hvaða samhengi þeir myndu nota þau. Sama mætti gera gagnvart Þjóðverjum, þar sem á þýsku má einnig finna fleiri orð fyrir *brún*, *kant* o.s. frv. Þess konar könnun hefði farið yfir takmörk ritgerðarinnar en gæti verið áhugavert verkefni fyrir stærra orðaforða- eða þýðingarverkefni.

### 4.2.3 Þjóðsögulegt og annað menningarbundið efni

Eins og fram kom í kafla 2.1 eru í gönguleiðarlýsingunum ekki aðeins upplýsingar um gönguleiðina upp á tind hvers fjalls, um jarðfræði og mótun svæðisins og hvaða jarðvegi göngufólk má búast við heldur gefa höfundar líka oft áhugaverðar upplýsingar um sögu og menningu tengdu fjallinu og umhverfi þess.

Fjallað er t.d. um hverjir voru fyrstir til að ganga upp á fjallið, hvað vísindamenn áður fyrr héldu um fjallið og bergtegund þess eða heilar þjóðsögur um hvernig fjallið varð til, um tröll og útilegumenn eða annað efni tengt þjóðtrú.

Í sumum tilfellum er frekar auðvelt að þýða þessar upplýsingar, þ.e. án viðbótar en oftast þarf að bæta við upplýsingum fyrir þýskan lesanda marktíttans (sbr. 3.2). Almenn komma tveir möguleikar til greina: að bæta við upplýsingum sem neðanmálsgrein eða að umorða og bæta við upplýsingum beint í textanum, í formi aukasetningar eða innskots. Í þessari þýðingu var síðari aðferðin notuð. Hér eru sýnd fáein dæmi um það. Fyrst eru dæmi um sögulegar upplýsingar. Ofan nefndar aukaupplýsingar til að auka skilning lesanda marktíttans eru merktar með undirstrikun í þýsku þýðingunni.

Sá sögulegi fróðleikur sem fram kemur í fjallalýsingum má telja m.a. upplýsingar um hvenær og hverjir það voru sem náðu toppnum fyrst. Í flestum tilfellum eru nöfn þessara göngumanna óþekkt í Þýskalandi en spurning er hvort útskýra þarf öll þessi nöfn þar sem þau vekja ekki endilega athygli þýskra lesenda.

Eitt þessara nafna er Hans Reck, sem var einn af tveimur mönnum sem fóru fyrst á Herðubreið, „drottningu íslenska fjalla“. Hann var Þjóðverji og ættu þýskir lesendur að geta getið sér til um uppruna hans út frá nafninu. Hins vegar er hann þekktari á Íslandi en í Þýskalandi og því ástæða til að taka fram hvaðan hann var.

- (1) a. Herðubreið þótti ekki árennileg en hana klifu fyrstir Hans Reck og Sigurður Sumarliðason 1908. (FT:104)
- b. Die Herðubreið schien lange Zeit nicht begehbar, bis sie 1908 zum ersten Mal von dem Deutschen Hans Reck und dem Isländer Sigurður Sumarliðason erklommen wurde.
- c. Herðubreiðin sýndist í langan tíma ekki árennileg þangað til hún í 1908 í fyrsta skipti af Þjóðverjanum Hans Reck og Íslendingnum Sigurði Sumarliðasyni klifuð var.

Tvímælalaust er íslenska þjóðskáldið og náttúrufræðingurinn Jónas Hallgrímsson mun þekktari en Hans Reck. Vegna þess hve fyrirferðamikill hann er í íslenskri menningu er mikilvægt að skýra það í marktíttanum. Hann er nefndur í samhengi við Baulu þar sem fjallað er um hvað vísindamenn og náttúrufræðingar töldu um líparít á þeim tíma.

- (2) a. Jónas Hallgrímsson sendi meðal annars líparít úr Baulu til Danmerkur þar sem gagnmerkur vísindamaður, Forchhammer, gerði úr því nýja steintegund, „Baulit“. (FT:25)
- b. Der isländische Nationaldichter und Naturwissenschaftler Jónas Hallgrímsson schickte u.a. Rhyolith von der Baula nach Dänemark, wo ein hochangesehener Wissenschaftler (Forchhammer), darin eine neue Gesteinsart sah und sie „Baulit“ nannte.
- c. Íslenski þjóðskáldið og náttúrufræðingurinn Jónas Hallgrímsson sendi m.a. líparít úr Baulu til Danmerkur, þar sem mjög virtur vísindamaður, Forchhammer, í því nýja bergtegund sá og hana „Baulit“ kallaði.

Í þessum dæmum voru viðbótarupplýsingar í sögulegu samhengi nauðsynlegar til þess að auðvelda skilning hjá lesanda markttextans. Önnur dæmi þar sem markttextalesanda vantar sögulega grunnþekkingu eru m.a. textahluti um Hverinn eina og Þorvald Thoroddsen í kafla um Keili (FT:157), náttúrufræðingana Eggert og Bjarna í köflum um Snæfellsjökul (FT:251) og Baulu (FT:25), og um vikurnámið og fyrirtæki Jóns Loftssonar við Snæfellsjökul (FT:250-251).

Þrátt fyrir að í þýskri menningu séu líka til þjóðsögur (þ. *Volksmärchen*, frumkvöðlar safnara þjóðsagna í Evrópu og þekktastir þeirra voru þýskir bræður Jacob og Wilhelm Grimm (sjá Rósa Þorsteinsdóttir 2015)) eru íslenskar þjóðsögur venjulega óþekktar í Þýskalandi. Þess vegna er gert ráð fyrir því að lesanda markttextans skorti bakgrunnsþekkingu um þjóðsögur og þjóðtrú til þess skilja textann sé hann þýddur án aukaupplýsinga. Sem dæmi má nefna þjóðsöguna um myndun og mótun Akrafjalls. Samkvæmt frumtextanum varð form fjallsins, þ.e. dalurinn eða dæld í miðju fjallsins, til þegar tröllkona Jóka lét fjallið detta af því henni brá þegar sólin kom upp. Þýskur lesandi myndi spyrja sig: Af hverju brá skessu við sólarupprás? Fyrir íslenskan lesanda á hinn bóginn er augljóst að tröllkona var hrædd við sólgeisla af því tröll verða að steini þegar sólstafir ná þeim. Aukaupplýsingar eru því nauðsynlegar í markttextanum eins og má sjá í eftirfarandi dæmi:

- (3) a. Þegar skessan var stödd á Akranesi kom sólin upp og kerlu brá svo að hún missti fjallið sem klofnaði í tvennt og í því myndaðist dæld. Jóka varð að steini og heitir þar Jókubunga enn í dag en dældin nefnist Berjadalur. (FT:17)
- b. Als Jóka auf der Halbinsel Akranes stand, ging die Sonne auf und die Trollfrau erschrak darüber so sehr, dass sie den Berg fallen ließ. Dieser brach entzwei und so entstand das Tal. Jóka erstarrte durch das Sonnenlicht — wie bei Trollen üblich — zu Stein. Dieser Teil des Berges heisst deshalb bis heute Jókubunga und das Tal Berjadalur.
- c. Þegar Jóka á nesinu Akranesi stóð, kom sólin upp og tröllkonunni brá þess vegna/yfir því svo mikið að hún fjallið detta lét. Þetta klofnaði í tvennt og svo myndaðist dældin. Jóka varð út af sólarljósi — eins og venjulega gerist við tröllin — að steini. Þessi hluti fjallsins heitir þess vegna enn í dag Jókubunga og dældin Berjadalur.

Annað dæmi um þjóðsögulegt efni er í sama kafla um Akrafjall. Þar er nefnd sagan um útilegumanninn Arnes Pálsson sem talinn er annar frægasti útlegumaður á Íslandi á eftir Fjalla-Eyvindi (sjá Ferlir 2015). Þrátt fyrir að Þjóðverjar þekki hvorugan þessara útilegumanna, né útilegumannasögur eða lög sem giltu á þessum tíma, skilja þeir orðið útilegumaður, *Geächteter*, og geta fylgst með sögunni í textanum. Þar sem Fjalla-Eyvindur er heldur ekki þekktur í Þýskalandi hafa hér aðeins bæst við fáar upplýsingar, nefnilega föðurnafn Arnesar sem og hversu þekktur hann er á Íslandi:

- (4) a. Sumarið 1756 dvaldi Arnes útilegumaður í Akrafjalli. (FT:17)
- b. Im Sommer 1756 weilte der zweitbekannteste Geächtete in der Geschichte Islands, Arnes Pálsson, auf dem Akrafjall.
- c. Sumarið 1756 dvaldi annar þekktasti útilegumaðurinn í sögu Íslands, Arnes Pálsson, á Akrafjalli.

### **4.3 Málfræðileg atriði**

#### ***4.3.1 Mismunandi kyn í íslensku og þýsku í fjallaheitum***

Eitt vandamál í þýðingu gönguleiðarlýsinga stafar af örnefnum. Kyn þeirra fer bæði á íslensku og þýsku yfirleitt eftir formi orðsins, eða í samsettum fjalla- og staðarnöfnum, eftir formi síðari liðs eins og almennt í samsettum nafnorðum. Þessi orð innihalda oft vísbendingar um gerð eða eðli landslagsfyrirbrigðisins. Svo bera flest íslensk fjöll samsett nöfn úr forlið og orðinu *-fjall* eða *-fell* að síðari lið (t.d. Akra-*fjall* (FT:16, MT:42), Helga-*fell* (FT: 98, MT:46)) og eru þess vegna hvorugkyn. Á hinn bóginn eru mörg fjöll, t.d. þau sem bera orðið *-dyngja* eða *-kirkja* í síðari lið kvenkynorð, t.d. Trölladyngja (FT:98, 156; MT:54) eða Tröllakirkja (FT:25; MT:44). Líka fjöll og eldfjöll eins og Hekla eða Katla eru



kvenkyns og enda á *-a* eins og mörg kvenkynsorð. Í frumtextanum eru meðal annars Herðubreið, Baula, Litlabaula og Hrolleifsborg í kvenkyni.

Á þýsku eru flest fjallaheiti í karlkyni, þar sem þýsku orðin fyrir fjall *Berg* og eldfjall *Vulkan*, teljast til karlkyns. Aðeins fáein þýsk fjallaheiti eða nöfn fjallahluta eru í kvenkyni, eins og t.d. *Zugspitze* (kvk.) (þar sem síðari hluti *-spitze* er kvenkyn og þýðir ‘oddur’ eða ‘tindur’) eða *Jungfrau* (kvk.) (sem er kvenkynsorð og þýðir ‘hrein mey’). Samt sem áður voru fjallaheiti þau sem kvenkyns eru í íslensku alltaf látin halda kyni sínu í marktöxtanum, t.d. *die Herðubreið* og *die Baula* þegar þau standa sér og eru ekki útskýrð eða tilgreind með öðrum hætti eins og *der Rhyolithberg Baula* þar sem karlkynið vísar til orðsins *Berg*: *der Rhyolithberg* (kk.). Notkun kvenkyns á fjallaheitum gæti hljómað óvenjulega í eyrum þýsks lesanda þar sem mjög fá fjallanöfn eru kvk.. Vegna þess hve algengt það er í íslensku og sérstaklega að nöfn sem enda á *-a* passa í form kvenmannsnafna er þessi aðferð, *framandgerving* (*foreignization*) notuð hér til þess að gefa textanum aðeins íslenskan blæ og vekja upp þá hugmynd að fjöllin séu eins og persónur sem bera kvennanöfn. Til þess að forðast misskilning er notkun kvenkyns greinis nefnd í neðanmálgrein í leiðarlýsingunni um Akrafjall þar sem nafnið Esja kemur fyrir (sjá MT:42): Sagt er þar að mörg íslensk fjöll séu í kvenkyni og að þess vegna eru þau líka notuð í kvenkyni á þýsku (sjá FT:3). Í fleirtölu er greinir í þýsku sá sami fyrir karlkyn og kvenkyn þannig að þar sem um fleiri en eitt fjall eða fjallaklasa er rætt hljómar það ekkert óvenjulega fyrir þýskan lesanda: *die Bláfjöll* (fjöllin = *die Berge*, kk. ft. á þýsku) (MT:48), *die Borgarhraunseggar* (kvk. ft. á þýsku) (MT:45).

#### 4.3.2 Forsetningar

Leiðarlýsingar á gönguleiðinni sjálfri, þ.e. þegar farið er að og svo upp á fjallið, geta falið í sér frekar flóknar og nokkuð snúnar setningar fyrir lesanda sem ekki hefur íslensku að móðurmáli. Sérstakir erfiðleikar komu upp í samhengi við forsetningar í íslensku. Forsetningar eru óbeygjanleg smáorð sem taka með sér andlag og stýra falli á því. Þau mynda forsetningarlið með andlaginu sínu sem hægt er að færa fremst í setningu. Til eru margar forsetningar og stýra flesta einu ákveðnu falli, oftast þolfalli eða þágufalli, en fáeinar stýra eignarfalli (sjá Höskuldur Þráinsson 2005:107 o. áfr., 2006:245, Ásta Svavarsdóttir og Margret Jónsdóttir 2010:34). Sumar forsetningar eins og *í, á, yfir, undir, fyrir* eru sérstakar að því leyti að þær geta staðið bæði með þolfalli og þágufalli og hafa þá mismunandi merkingu samkvæmt falli: Í samband við þolfall merkja þær hreyfingu til einhvers staðar, með þágufall merkja þær kyrrstöðu eða dvöl á stað. Forsetningarnar *eftir*,

með, við eru annar flokkur þar sem val milli þolfalls og þágufalls fer eftir ástæðum, það þýðir að þær hafa mismunandi merkingu í mismunandi samhengi.

Í íslensku eru líka til tvíyrtar forsetningar, þ.e. forsetningar samsettar úr tveimur orðum, t.d. *í gegnum, á milli*. Þar að auki eru oft notuð staðaratviksorð í sambandi við forsetningar. Svo getur verið að nokkrir forsetningarliðir skiljist vel hver fyrir sig en verða erfiðari skilnings fyrir útlendinga og enn erfiðara að þýða séu þeir tengdir í setningunni.

Á þýsku eru, eins og á íslensku, til forsetningar sem hafa mismunandi merkingu samkvæmt því falli sem þær stýra: Svo merkja forsetningar *an, auf, hinter, in, neben, über, unter, vor, zwischen* t.d. hreyfingu ef þær standa með þolfalli en dvöl ef þær standa með þágufalli (sjá Deutsch als Fremdsprache 2015), sbr. ofanefnda reglu í íslensku varðandi *í, á, yfir, undir, fyrir*. Auk þess finnast eins konar tvíyrtar forsetningar en notkun þeirra er sambærileg tvíyrtum forsetningum í íslensku. Þessar svokölluðu *Circum-Positionen* standa, eins og nafnið segir, í kringum nafnorð, t.d. *um den Baum herum* = ‘í kringum tréð’, *durch den Tunnel hindurch* = ‘í gegnum göngin’ (sjá Linguistik- Server Essen 2015). Ef samhengi er augljóst er hægt að sleppa síðara hlutanum, t.d. *durch den Tunnel hindurch*). Einnig er hægt að nota fleiri en eina forsetningu í sama samhengi, t.d. *bis zu* eða *bis nach* sem þýðir eiginlega ekki meira en ‘til’ eða ‘að’. Ef forsetningar standa hvor á eftir annari tilheyra þær oftast mismunandi setningarhlutum á þýsku og hægt er að umorða setninguna með tilvísunarsetningu (sjá Duden 2015)<sup>7</sup>. Á hinn bóginn er líka mjög algengt að nota forsetningar í sambandi við staðaratviksorð á þýsku, en þá stendur staðaratviksorð á undan forsetningu. t.d. *unten vor der Tür, oben auf dem Berg*).

Ekki eru til margar heimildir um notkun forsetninga á íslensku og enn færri um þýðingu þeirra yfir á þýsku. Þess vegna var þýðing forsetninganna gerð fyrst og fremst með aðstoð venjulegra orðabóka, svæðis- eða göngukorta sem og útskýringum íslenskra einstaklinga sem reynslu hafa í fjallgöngum. Ein heimild sem notuð var til hlíðsjónar í þýðingarferlinu er *Isländische Grammatik* eftir Bruno Kress (1982) sem hefur að geyma mörg dæmi um notkun forsetninga einar og sér og í sambandi við atviksorð.

Ekki er alltaf samræmi í því hvað eru forsetningar og hvað eru atviksorð. Um óskýra greiningu milli forsetninga og atviksorða má t.d. lesa í bókinni *Íslensk setningarfræði* eftir Höskuld Þráinsson (2012:42-46) sem og þriðja bindi *Íslenskrar tungu, Setningar*

---

<sup>7</sup> Sem dæmi má nefna úr Duden (2015): „Für von Experten empfohlene Maßnahmen ist es allerdings noch zu früh.“ Hér eru tvær forsetningar, *für* og *von* hver á eftir annarri en tilheyra til mismunandi nafnorðaliðs. Þetta verður auðséð þegar setningin er umorðuð og tilvísunarsetning kemur í staðinn fyrir innskotið: „Für Maßnahmen, die von Experten empfohlen wurden, ist es allerdings noch zu früh.“

(Höskuldur Þránínsson 2005:107-113, sérstaklega 110-113). Þessi umræða er samt ekki aðalatriði þessarar ritgerðar en hægt er að taka hana saman með orðum Höskulds Þránínssonars (2005:113):

Meginreglan er sú að forsetningar taka með sér fyllilið og þær stýra þá falli á honum ef um nafnlið er að ræða. Meginreglan um atviksorð er hins vegar sú að þau taka ekki með sér nafnliði sem fylliliði. Þó geta sum orð sem greinilega hafa atvikslega merkingu eða hlutverk (t.d. staðar- eða tímamerkingu) stundum tekið með sér nafnlið í þágufalli eða eignarfalli sem fyllilið.

Í viðauka er tafla með helstu forsetningum í íslensku og fallstjórn þeirra ásamt þýðingu á þýsku. Taflan er hugsuð sem hjálpargagnagrunnur fyrir þýðingar í framtíðinni.

#### 4.3.2.1 Einyrtar forsetningar

Fjölmörg dæmi eru um forsetningar og forsetningasambönd í textanum. Þýðing einyrtra forsetninga olli yfirleitt ekki miklum vanda en stundum er þó hægt að þýða eina og sömu forsetninguna á mismunandi hátt eftir samhengi. Hér verða sýnd þrjú dæmi um það. Forsetningar eru undirstrikaðar.

- (5) a. Hvalfjörður liggur fyrir fótum fjallgöngumannsins og fjöllin fyrir botni hans: Brekkukambur, Þyrill, Hvalfell, Botnssúlur og Múlafjall. (FT:17)
- b. Dem Wanderer zu Füßen liegen der Fjord Hvalfjörður sowie die Berge an dessen Spitze: Brekkukambur, Þyrill, Hvalfell, Botnssúlur und Múlafjall. (MT:43)
- c. Fjallgöngumanni fyrir fótum liggja fjörðurinn Hvalfjörður sem og fjöllin fyrir botni hans: Brekkukambur, Þyrill, Hvalfell, Botnssúlur og Múlafjall.

Dæmi (5) inniheldur tvisvar notkun forsetningarinnar *fyrir* + þgf. Forsetningin sjálf er ekki erfið í þýðingu, hún hefur eiginlega sömu merkingu í frumtextanum ‘fyrir framan’. Venjulega finnast í orðabókum aðallega samsvaranirnar *für*, *mit*, *vor*, *seit*, *pro* en í dæminu sést að í marktöxanum var *fyrir* þýtt annars vegar með *zu* og hins vegar með *an*. Ástæða þess er sú að *fyrir fótum* er fast orðasamband á þýsku, *zu Füßen* (þrátt fyrir að *vor den Füßen des Wanderers* væri líka mögulegt og rétt), og *an der Spitze* í merkingunni ‘rétt við botninn’ hljómar betur en *vor*, þar sem staðsetningin fer eftir því hvaðan lesandi horfir og *vor* myndi tákna að fjöllin væru milli fjarðar og lesanda.

Í eftirfarandi dæmum (6) og (7) er hægt að sjá mismunandi merkingu forsetningarinnar *um* og hvernig hún hefur verið þýdd í marktöxanum, *über* í (6), *an... vorbei* í (7) sem er tvíyrt, *Circum-position*, og því ekki er hægt er að sleppa síðari lið. Í (6) finnst auk þess forsetning *á* + þf. sem merkir hér hreyfingu.

- (6) a. Um brattar og lausar líparítskríður á hrygg. (FT:24)  
 b. Über steile und lose Rhyolithhänge den Bergrücken hinauf. (MT:45)  
 c. Yfir brattar og lausar líparítskríður hrygginn (upp) á.
- (7) a. Af Háahnúk liggur leiðin um Jókubungu austur undir Kúludal sem skerst inn í fjallið upp af bænum. (FT:17)  
 b. Vom Háihnúkur führt der Weg östlich an der Jókubunga vorbei und um das Tal Kúludalur herum, das am Gehöft Kúludalsá beginnend in den Berg schneidet. (MT:43)  
 c. Af Háahnúk liggur leiðin austur fram hjá Jókubungunni og um dalinn Kúludalur, sem hjá bænum Kúludalsá byrjandi inn í fjallið sker.

#### 4.3.2.2 Tvívrtar forsetningar og forsetningasambönd

Eins og fram kom fyrr í þessum kafla voru helstu erfiðleikarnir í þeim setningum þar sem forsetningar eru tvívrtar eða settar saman með staðaratviksorðum, og þegar fleiri forsetningarliðir standa í röð.

Staðaratviksorð vísar oftast til staðar sem áður hefur verið nefndur eða er augljós af samhengi eða aðstæðum. Þau segja sem sagt hvar eitthvað á sér stað.

Sem dæmi má nefna *þar, þarna, hér, hérna, úti, inni, frammi, uppi, heim*. Auk þess teljast vindáttirnar *austur, suður, vestur, norður* til þeirra og eru þær mjög mikilvægar í leiðarlýsingum, til þess að staðsetja sig á kortinu og geta notað áttarvita. Staðaratviksorð eru oft mynduð af sömu rót en með ólíkum viðskeytum eða „endingum“, sem fara eftir því hvort táknað sé a) dvöl á stað, b) hreyfingu til staðar eða c) hreyfingu frá stað. Í viðauka er tafla yfir staðaratviksorð og þýðingar þeirra á þýsku. Taflan er eins og fyrri forsetningartafla aðeins grunnfirlit sem gæti reynst gagnlegt fyrir aðrar þýðingar.

Þýðandi þarf að hafa mjög gott vald á þessum atviksorðum þar sem minnsta misræmi viðskeytis í orði gæti leitt af sér stóran merkingarmun. Áttir og staðir eru meðal mikilvægustu atriða í gönguleiðarlýsingum og þess vegna þarf þýðandi að tryggja sérstaklega skilning þessara atriða í frumtextanum. Þetta er ekki svo einfalt þegar tekið er tillit til þess að mörg staðaratviksorð geta tekið stigbreytingum, þ.e. myndað miðstig og efsta stig. Töflu um stigbreytingu staðaratviksorða með þýskum þýðingum er að finna í viðauka.

Eins og fyrr greinir frá í þessum kafla geta bæði forsetningar og atviksorðakerfi í íslensku máli verið ansi snúið fyrir útlendinga vegna þess að hér er oft fín aðgreining hvort sem er í merkingu eða milli beggja orðaflokka almennt. Enn flóknari skilnings og þýðingar eru svo setningar þar sem forsetningar eru tvívrtar (t.d. *fram hjá, bak við*), settar saman við atviksorð (t.d., *áleiðis í, vestur fyrir*) og þegar fleiri forsetningarliðir standa í röð („*til*

norðurs (þeir sem koma frá Reykjavík fara til vinstri) frá veginum yfir Hellsheiði skammt austan skíðaskálans í Hveradölum“ (FT: 102-103)). Samsetningar forsetninga og atviksorð eru oft notaðar til þess að gefa nákvæmari lýsingu á hreyfingarátt ut frá stöðu. Staðaratviksorð standa þá rétt á undan forsetningum (sjá Kress:1982:210)<sup>8</sup>.

Eftirfarandi dæmi eru tekin saman í „einn flokk“ vegna ofanefndra erfiðleika í að skilgreina milli orðaflokka, og sýna þar með mismunandi samsetningar. Það sem hér skiptir mestu máli er að fleiri en eitt orð eru notuð til þess að skýra nákvæmari staðsetningu og að í flestum tilfellum er a.m.k. eitt þeirra staðaratviksorð.

- (8) a. Er þá farið frá Herðubreiðarlindum áleiðis í Öskju (aðeins jeppafært!), að afleggjara til vesturs, svo um skarðið milli Taglanna og fjallsins og loks vestur fyrir það milli hrauns og hlíðar. (FT:105)
- b. Dazu fährt man von den Quellen Herðubreiðarlindir in Richtung Askja (F88) bis zur Abzweigung nach Nordwesten, dann durch die Spalte zwischen dem Tuffrücken Herðubreiðartögl und der Herðubreið, und schließlich in nordwestlicher Richtung, zwischen Lavafeldern und Berghängen hindurch, um den Berg herum. (MT:50-51)
- c. Til þess fer maður frá lindunum Herðubreiðarlindir í átt Öskju (F88) til afleggjara til norðvesturs, svo í gegnum skarðinu milli móbergshryggjarins Herðubreiðartögl og Herðubreiðarinnar, og svo í norðvesturátt, milli hrauns og fjallhlíða í kringum fjallið.

Í dæmi (8) teljast sex forsetningar sem stýra mismunandi föllum: *frá +þgf.*, *að +þgf.*, *til + ef.*, *um +þf.* og *milli + ef.* Svo eru tvö atviksorð í samband við forsetningar, *áleiðis í + þf.* og einnig *vestur fyrir + þf.* Fæstar forsetninganna voru sérstaklega erfiðar í þýðingu en má benda á að forsetningin *að* hefur verið þýdd með tveimur forsetningum á þýsku (*bis zur*). Svo er forsetningarliður *um skarðið* sem þýða mætti á fleiri en einn hátt þar sem forsetningin *um* getur haft mismunandi merkingu eftir samhengi, hér væri hugsanlegt ‘í gegnum’ eða ‘kringum’ (sbr. merkingar í dæmi (6) og (7)). En þar sem *skarð* merkir hér eins konar ‘pláss milli hrauns og hlíðar’, sambærilegt ‘lítið gil’ eða ‘sprunga’, fer merkingin ‘í gegnum’ hér best í marktöxtanum. Hitt sambandið *vestur fyrir það (fjallið)* var þýtt sem ‘í norðvestanátt í kringum fjallið’, sem á þýsku þarf ekki nauðsynlega þýða að maður fari allt í kringum fjallið heldur í eins konar beygju um hluta þess.

---

<sup>8</sup> „Zur Präzisierung der Bewegungsrichtung resp. der Lage werden häufig Ortsadverbien (§227) den meisten Präpositionen vorangestellt. Gleiches geschieht in nicht wenigen idiomatischen Wendungen.“ (Kress 1982:210)

- (9) a. Hægt er að fara frá Dagverðará eða af Jökulhálsi efst (í slóð ökutækja) en hér er lýst leið upp Jökulháls neðarlega úr hlíðum og beina leið upp tindinn. (FT:251)
- b. Es ist möglich, am Fluß Dagverðará oder am obersten Teil des Jökulháls (der Fahrzeugpiste) zu starten. Hier wird jedoch der Weg den Jökulháls hinauf — von den unteren Hängen aus — und dann der direkte Weg auf den Gipfel beschrieben. (MT:16)
- c. Hægt er, við ána Dagverðará eða af efsta hluta Jökulháls (ökutækjaslóð) að fara af stað. Hér verður hinsvegar leiðinni Jökulhálsinn upp — frá neðri hlíðum — og svo beinni leiðinni (upp) á tindinn lýst.

Í dæmi (9) teljast fjórar forsetningar (*frá, af, í, úr*) og fimm atviksorð (*efst, hér, upp, neðarlega, upp*) í frumtextanum. Forsetningarnar sjálfar voru ekki erfiðar. En þýðing samsetninga með atviksorðum, *af Jökulhálsi efst* (stigbreyting, efastig af *ofan*) og *neðarlega úr hlíðum* var hér leyst með eins konar samsetningu úr lýsingar- og nafnorðum: *am obersten Teil, von den unteren Hängen*.

- (10) a. Til skamms tíma komust menn á jeppa frá þjóðveginum til hægri rétt áður en komið er að brúnni yfir Bjarnardalsá upp með ánni inn undir Mælifellsgil sem gengur upp á milli Baulu og Mælifells. (FT:25)
- b. Bis vor kurzem fuhr man mit dem Jeep von der Ringstraße, kurz vor der Brücke über den Fluss Bjarnardalsá, nach rechts und gelangte dann am Fluss entlang bis unterhalb der kleinen Schlucht Mælifellsgil, die sich zwischen der Baula und dem Mælifell erstreckt. (MT:45)
- c. Til skamms tíma komist maður á jeppa frá þjóðveginum stutt fyrir brúin yfir ána Bjarnardalsá til hægri og svo ána meðfram, til neðanlega lítils gils Mælifellsgil, sem (sig) milli Baulu og Mælifells nær yfir.

Í dæmi (10) má telja átta forsetningar (*til, á, frá, til (hægri), að, yfir, (upp) með, (inn) undir, (upp) á milli*), ein af þeim er í raun og veru tvýrt (*á milli*). En hún og þrjár aðrar standa samsettar atviksorðum (*til hægri, upp með, inn undir, upp á milli*). Hér sést vel hvernig fleiri svona forsetningar-atviksorðaliðir geta verið erfiðir ef standi þeir beint hver á eftir öðrum. Venjulega er nauðsynlegt að umorða og skrifa fleiri orð til þess að útskýra innihaldið á þýsku svo setningin flæði betur. Hér var að vísu *upp* eiginlega sleppt, þar sem *an...entlang* ('meðfram') getur verið í báðar áttir, en Mælifellsgil er (samkvæmt textanum) bara í eina átt. *Rétt áður* myndi venjulega tákna tímenn en hefur hér hlutverk staðaratviksorða. Það sama er hægt á þýsku, en hér þýðir *kurz vor* 'stutta leið áður en/stutta áður en maður kemur að brúnni'.

- (11) a. Gengið er í sveig til norðurs og norðvesturs eftir ísaskílum og stefnt á svartan díl sem stækkar er nær dregur. (FT:121)
- b. Man geht in einem Bogen nach Norden und dann nach Nordwesten entlang der Eisscheide. Anschließend begibt man sich auf einen schwarzen Fleck zu. Bei der Annäherung wird dieser immer größer [...]. (MT:53)
- c. Maður gengur í sveig til norðurs og svo til norðvesturs meðfram ísaskílum. \_ Á eftir stefnar maður að svartum díl. Í nálgunni verður þessi stærri og stærri.

Þrátt fyrir að dæmi (11) væri ekki sérstaklega erfitt í þýðingu þá verður stuttlega fjallað um það. Setningin inniheldur aðeins þrjár forsetningar en þar af stendur ein, *til*, í sambandi við vindáttirnar (norður og norðvestur) sem hér gegna næstum því hlutverki atviksorða. Á þýsku hljómar það nokkuð óvenjulegt að hafa *norður* og *norðvestur* saman. Nauðsynlegt er að bæta nokkrum orðum við (a.m.k. *und dann*), til þess að greina betur að fyrst er farið í eina stefnu og svo hina.

Tíðni höfuðáttartengdra orða sýnist hærri í íslensku en í þýsku og er möguleg skýring á því menningarbundin. Í gamla daga fóru menn eftir rötun samkvæmt sólarganginum og var þetta kerfi notað mun lengri og meiri á Íslandi þar sem borgar- og þéttbýlismyndun var ekki eins hröð og í löndum eins og Þýskalandi. Á hinn bóginn fer notkun líka eftir gamalli fjórðungaskiptingu (Norðurland, Austurland, Suðurland, Vesturland) (sjá Einar Haugen 1957:447-459)

- (12) a. Einfaldast er að fara sömu leið til baka, en einnig má fara niður lausamölinu suðaustan í fjallinu og halda austur á Oddafell sunnanvert. (FT:157)
- b. Am einfachsten ist es, denselben Weg zurückzugehen, man kann aber auch den losen Kieshang auf der Südostseite des Bergs hinabsteigen und dann nach Osten zum südlichen Teil des Oddafell gehen. (MT:55)
- c. Einfaldast er, sama leið fara til baka, maður getur enn líka lausamölinu á suðausturhliðinni fjallsins fara niður og svo austur/ til austurs að sunnanverðan hluta Oddafells ganga.

Í þessu dæmi sést enn einu sinni hversu fínn merkingarmismunur milli staðaratviksorða og mismunandi forma þeirra getur verið (*suðaustan, austur, sunnanvert*). Lausn þessarar þýðingar eru orðuð á aðeins annan hátt en í frumtexta en aðalmálið er að orðin séu skiljanleg og vísi í sömu átt (t.d. *suðaustan í fjallinu – Südostseite des Berg, á Oddafell sunnanvert – zum südlichen Teil des Oddafell*).

Hægt væri að setja fram endalaus dæmi um forsetningar en ofanefnd dæmi ættu að vera nóg til þess að sýna að þýðingar samsetra við forsetninga og atviksorða úr íslensku geta verið flóknar og oftast enn erfiðari þeim mun fleiri sem forsetningar eru í setningu og því lengri setningarnar almennt eru. Um setningarskipun og lengd setninganna verður aðeins fjallað í næsta kafla.

### 4.3.3 Setningaskipun

Eins og fram hefur komið í köflum 2.2. og sérstaklega 2.2.3 um höfundana er eitt af einkennum í stíl Ara Trausta langar, stundum snúnar setningar, þrátt fyrir að það sé ekki mjög eðlilegt í íslensku ritmáli. Á þýsku er ekki óvenjulegt að setningar séu aðeins lengri og samsettar en samt sem áður er marktítt hugsaður sem ferðahandbók og ætti að vera auðskiljanlegur. Þess vegna hefur setningum í nokkrum tilfellum verið skipt upp í fleiri einingar eða röðun og skiptingu setningarhluta breytt lítillega. Markmiðið er að nota vandað þýskt mál sem hljómar eins eðlilega og læsilega og unnt er og sem passar við skýrt og ótvírætt málsnið á ferðahandbókinni. Setningarlegar breytingar á formi textans eru gerðar til þess að það falli betur að þýsku máli.

Dæmi (13) og (14) sem fylgir hér á eftir ættu að sýna af hverju setningar Ara Trausta eru stundum snúnar.

- (13) a. Í stað þess að aka of langt ágæta jeppaslóð á háhálsinn er ganga hafin rétt hjá neðri námum Jóns Loftssonar hf. og bíslóðin gengin uns komið er á móts við mjög greinilegt hraunrif sem skerst upp í jökulinn suðvestan við (vinstra megin við) Þríhyrninga. (FT:25)
- b. Anstatt die bequem befahrbare Jeppiste weit bis zum oberen Pass hinaufzufahren, beginnt die hier vorgeschlagene Wanderung direkt an der unteren Mine des früher Bimsstein fördernden Unternehmens Jón Loftsson hf. \_ Man läuft die Piste bis zu einer gut sichtbaren Lavarippe hinauf, die südwestlich (auf der linken Seite) der Þríhyrningar aus dem Gletscher herausragt. (MT:57)
- c. Í stað þess þægilega færð jeppaslóð langt í efra háls upp að aka, byrjar hér tillögð gangan beint hjá neðri námum af í gamla daga brennistein úr jörðu grafandi fyrirtæki Jón Loftsson hf. \_ Maður gengur slóðina upp til vel sýnilegs hraunrifs, sem suðvestan (vinstra megin) við Þríhyrninga úr jöklinum gnæfst.

Í kafla um Snæfellsjökul má finna þessa mjög svo löngu setningu. Hér hefur setningunni úr frumtextanum verið skipt í tvær setningar eftir nafni fyrirtækisins Jóns Loftssonar hf. (setningarskil er merkt við \_). Þrátt fyrir það að langar og býsna flóknar setningar eru frekar algengar á þýsku (og teljast ekki til vonds stíls) var hér nauðsynlegt að gera setningarskil til þess að tryggja að lesandi missi ekki tengsl í setningunni og þurfi að byrja að lesa hana aftur. Annað dæmi um langa setningu er eftirfarandi:



- (14) a. Skjaldfannardalur er nærri 10 km langur og liggur leiðin norðan ár (vinstri bakkinn) \_ en margar smáár og lækir verða þar á vegi manns (krækja þarf a.m.k. tvisvar upp fyrir stutt gil) þar til farið er upp úr dalnum um Langahraun.
- b. Der Weg führt zunächst durch das 10 km lange Skjaldfannardalur, auf der nördlichen Seite des Flusses Selá (am linken Ufer!) entlang. \_ Viele kleine Flüsse und Bäche liegen auf dem Wanderweg und mindestens zweimal muss man einer kurzen Schlucht bergauf ausweichen, bevor man das Lavafeld Langahraun durchquert und das Tal hinter sich lässt.
- c. Vegurinn liggur fyrst í gegnum 10 km langan Skjaldfannardal, norðanmegin við ána Selá (við vinstra bakkann!) meðfram. \_ Margar smáár og lækir liggja á gönguleiðinni og a.m.k. tvisvar sinnum þarf maður að fara um stutt gil upp fjallið, áður en maður hraunið Langahraun fer yfir og dalinn á baki lætur.

Hér var líka ákveðið að þýða ekki setninguna í heild heldur að skipta henni í fleiri hluta. Innihaldið sýnist aðeins skýrara þegar setningin er klippt á undan tengiorðinu *en* (sem er sleppt í þýðingu) svo lesandi geti gert pásu í lestrinum og skili hverja setningu fyrir sig fúmlaust.

Í textanum má finna enn fleiri dæmi en kannski er ekki þörf á að gera fleirum skil hér. Dæmin hér að framan hafa sýnt hvað átt er við með löngum setningum og að lengri setningar sem innihalda enn fleiri forsetningar og atviksorð er enn flóknara að þýða. Rétt er að textinn verður samt oft lengri og orðfleiri í þýsku þýðingunni. Þrátt fyrir að þetta fyrirbæri sé fremur algengt varðandi þýðingar yfir á þýsku má hér réttlæta það með því að málið í marktöxtanum þarf að vera skýrt, nákvæmt og ótvírætt.

## 5 Lokaorð

Stundum hef ég verið spurð um viðfangsefni lokaritgerðar minnar og fékk oftast en einu sinni að heyra: „Ertu að þýða gönguleiðir? Það hljómar mjög skemmtilega — en það ætti ekki að vera mjög erfitt!“ Jú, það var skemmtilegt ferli þar sem mér finnst mjög gaman að fara í fjallgöngur og að njóta útsýnisins frá tindunum, sérstaklega í víðáttu íslensks landslags. En ég verð að bæta því við að þetta verkefni var ekki eins auðvelt og hljóma má þrátt fyrir að ég þekki flestar af leiðunum sem valdar voru sem frumtexti. Í ofangerðri umfjöllun var reynt að sýna bæði fram á möguleika og takmarkanir í þýðingu gönguleiða.

Eins og við aðrar þýðingar var fyrsta skref verkefnisins ítarleg greining á frumtexta og höfundum hans. Svo var, með aðstoð Skopos-kenningar, ákvörðun tekin um hvert markmið og tilgangur þýðingarinnar væri og þar af leiddar nokkrar kröfur til marktans.

Aðalmarkmið marktans er, eins og sýnt var í þriðja kafla, að leiða lesendur örugglega á fjallstindinn. Þess vegna liggur aðaláherslan í þýðingu slíkra texta á upplýsingar varðandi rötun og á leiðina sjálfa, alltaf í samræmi við kort og e.t.v., myndir, og stefnt er frekar að skýrum, hlutlægum ritstíl sem er auðskiljanlegur.

En eins og fram kom í lýsingu á frumtextanum og höfundunum er bókin *Íslensk fjöll – Gönguleiðir á 151 tind* eins og „bíblían“ um gönguleiðir og nýtur eins konar sérstöðu, ekki síst fyrir tilstilli landsþekktu höfundanna. Þess vegna var reynt að halda í stíl þeirra og láta hann skína aðeins í gegn í textanum og varðveita nokkur atriði, en á sama tíma endurskapa texta sem hljómar eðlilega fyrir eyrum þýskra göngugarpa. Textinn var líka aðlagður markhópnum að því leyti að alltaf var bætt við (t.d. sögulegum og menningarlegum) aukaupplýsingum og útskýringum fyrir lesendur þegar hægt var og þörf reyndist. Þessi og aðrir helstu erfiðleikar sem upp komu í þýðingarferlinu voru hluti af umfjöllun þessarar ritgerðar og sýnt var hvernig þau voru leyst af hendi (fjórði kafla). Sérstök áskorun fólst í jarðfræðiíðorðaförðum og í landslagslýsandi orðum sem gæti verið mjög spennandi verkefni í framtíðinni varðandi menningar- og þjóðernisbundna skynjun náttúrunnar. Síðast en ekki síst voru forsetningar og forsetningasambönd stærsta vandamálið þar sem nauðsynlegt var að leita ráða hjá Íslendingum.

Ekki er hægt að draga fram almennar reglur fyrir þýðingar gönguleiðalýsinga en a.m.k. var hér gefinn hvati til umhugsunar og bent á þau lykilatriði sem hafa ber í huga. Auk þess eru í boði nokkrir orðalistar til hjálpargrunnis (sjá viðauka) til þess að auðvelda sambærileg verkefni framtíðarinnar.

Þessi ritgerð sýnir að slík þýðing er krefjandi en ætti á sama tíma að vera hvatning til þess að þýða fleiri gönguleiðarlýsingar, þá gætu fleiri erlendir göngugarpar notið íslenskra tinda og fegurðar landsins.

Vonandi sjáumst við á fjöllum!

## Heimildir

- Ari Trausti Guðmundsson og Pétur Þorleifsson. 2013. *Íslensk fjöll – Gönguleiðir á 151 tind*. Mál og menning, Reykjavík.
- Ásta Svavarsdóttir og Margrét Jónsdóttir. 2010. *Íslenska fyrir útlendinga. Kennslubók í málfræði*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Dillon, Paddy. 2013. *Walking and Trekking Iceland*. Cicerone Press, Milnthorpe.
- Einar Skúlason. 2014. *Átta gönguleiðir í nágrenni Reykjavíkur*. Mál og menning, Reykjavík.
- Gísli Skúlason. 2008. *Hagnýt skrif. Kennslubók í ritun*. Mál og menning, Reykjavík.
- Grunewald, Uwe. 2012. *Island – Das Südliche Hochland: Die schönsten Wanderungen zwischen Landmannalaugar und Skógar*. Uwe Grunewald, Jena.
- Grunewald, Uwe. 2014. *Iceland – The Southern Highlands: The best hiking trails between Landmannalaugar and Skógar*. Uwe Grunewald, Jena.
- Grunewald, Uwe. 2015. *Island – Naturparadies am Polarkreis*. Uwe Grunewald, Jena.
- Guðrún Kvaran. 2005. *Íslenska tunga. II. Bindi. Orð – Handbók um beygingar- og orðmyndunarfræði*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Handl, Gabriele og Christian Handl. 2012. *Island. Die schönsten Küsten- und Bergwanderungen. 55 Touren*. Bergverlag Rother, München.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Íslenska tunga. III. Bindi. Setningar – Handbók um Setningarfræði*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 2006. *Handbók um málfræði*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 2012. *Íslensk setningafræði*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Íris Marelsdóttir. 2015. *Gönguleiðir að Fjallabaki*. Mál og menning, Reykjavík.
- Jóhann Ísak Pétursson og Jón Gauti Jónsson. 2008. *Almenn jarðfræði*. Iðnmennt-Iðnú, Reykjavík.
- Jón G. Friðjónsson. 2006. *Þýðingar*. Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Jónas Kristjánsson. *Göngukort*. Forlagið, Reykjavík.
- Koller, Werner. 2004. *Einführung in die Übersetzungswissenschaft*. Quelle & Meyer, Wiebelsheim.
- Kress, Bruno. 1982. *Isländische Grammatik*. VEB Verlag Enzyklopädie, Leipzig.
- Nedergaard-Larsen, Birgit (1993): Culture-bound problems in subtitling. *Perspectives: Studies in Translatology* 2: 207-241.

- Nida, Eugene A. og Charles R. Taber. 1974. *The Theory and Practice of Translation*. E.J. Brill, Leiden, Netherlands.
- Páll Ásgeir Ásgeirsson. 2013. *Gönguleiðir*. Mál og menning, Reykjavík.
- Páll Ásgeir Ásgeirsson. 2014. *Wild Walking*. Mál og menning, Reykjavík.
- Páll Skúlason. 2003. Í sigurkufli. *Skjöldur* 12 (2): 4-9.
- Pétur Þorleifsson. 2010. *Fjöll á Fróni. Gönguleiðir á eitt hundrað og þrjú fjöll*. Bókaútgáfan Opna, Reykjavík.
- Pym, Anthony. 2010. *Exploring Translation Theories*. Routledge, London.
- Reiss, Katharina og Hans J. Vermeer. 1991. *Grundlegung einer allgemeinen Translationstheorie*. Max Niemeyer Verlag, Tübingen.
- Reynir Ingibjartsson. 2010a. *25 Gönguleiðir á höfuðborgarsvæðinu. Náttúran við bæjarvegginn*. Salka, Reykjavík.
- Reynir Ingibjartsson. 2010b. *25 Beautiful Walks. Walking Trails of the Greater Reykjavík Area*. Salka, Reykjavík.
- Reynir Ingibjartsson. 2012a. *25 Gönguleiðir á Hvalfjarðarsvæðinu. Náttúran við bæjarvegginn*. Salka, Reykjavík.
- Reynir Ingibjartsson. 2012b. *25 Gönguleiðir á Reykjanesskaga. Náttúran við bæjarvegginn*. Salka, Reykjavík.
- Reynir Ingibjartsson. 2013. *25 Gönguleiðir á Snæfellsnesi. Náttúran við bæjarvegginn*. Salka, Reykjavík.
- Reynir Ingibjartsson. 2014. *25 Gönguleiðir í Borgafirði og Dölum. Náttúran við bæjarvegginn*. Salka, Reykjavík.
- Reynir Ingibjartsson. 2015. *25 Gönguleiðir á Þingvallasvæðinu. Náttúran við bæjarvegginn*. Nýhöfn, Reykjavík.
- Stolze, Radegundis. 2001. *Übersetzungstheorien. Eine Einführung*. Gunter Narr Verlag, Tübingen.
- Örn Sigurðsson (ritstj.). 2011. *Kortabók*. Mál og Menning, Reykjavík.

### **Vefheimildir:**

- Barbara Fröhlich. 2003. Schwierigkeiten bei der Verwendung deutscher Präpositionen in gebundener Struktur. Theorie und Beispiele. *Linguistik Server Essen*. Sótt 15. maí 2015 af [http://www.linse.uni-due.de/linse/esel/pdf/praepositionen\\_verwendung.pdf](http://www.linse.uni-due.de/linse/esel/pdf/praepositionen_verwendung.pdf)
- Björn Kozempel. 2012. Der Hausberg Reykjavíks: Die Esja. Sótt 8. janúar 2016 af <http://www.inreykjavik.is/category/auserhalb/wandern/>

- Bókmenntavefur Borgarbókasafns Reykjavíkur. Höfundur Ari Trausti Guðmundsson. Sótt 15. mars. 2015 af [http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3396/6134\\_read-541/RSkra-541](http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3396/6134_read-541/RSkra-541)
- Deutsch als Fremdsprache. 2015. Grammatik. Präpositionen. Sótt 16. maí 2015 af <http://deutsch-als-fremdsprache-grammatik.de/DaF/praepositionen.pdf>
- Duden. 2015. Häufung von Präpositionen. Sótt 16. maí 2015 af <http://www.duden.de/sprachwissen/sprachratgeber/haeufung-von-praepositionen>
- Ferlir. Áhugafólk um Suðurnesin. [Án árs]. Arnes útilegumaður I. Sótt 10. mars 2015 af <http://www.ferlir.is/?id=3291>
- Haugen, Einar. 1957. The Semantics of Icelandic Orientation, *WORD*, 13, (3):447-459. Sótt 9. júní 2016 af <http://www.tandfonline.com/doi/pdf/10.1080/00437956.1957.11659646>
- Jón Þorsteinsson. [Án árs]. The Perfect Hiking Trail Just Outside Reykjavík. Sótt 8. janúar 2016 af <http://stuckiniceland.com/hiking-in-iceland/>
- Landmælingar Íslands. [Án árs]. Sótt 15. mars 2015 af [www.lmi.is](http://www.lmi.is)
- Orðabanki íslenskrar málstöðvar. 1997. Sótt 14. júní 2016 af <http://www.ordabanki.hi.is/wordbank/search>
- Orðabókasafnið Snara. Sótt 14. júní 2016 af <https://snara.is/>
- Rósa Þorsteinsdóttir. 2015. Finnast þjóðsögur í öllum löndum? *Vísindavefurinn*. Sótt 30. maí 2016 af <http://visindavefur.is/svar.php?id=68723>
- Satellitengeographie im Unterricht. [Án árs]. Sótt 15. mars 2015 af [http://satgeo.zum.de/satgeo/methoden/esa\\_kit/Kit\\_9/Tipps.htm](http://satgeo.zum.de/satgeo/methoden/esa_kit/Kit_9/Tipps.htm)

## Viðauki

Í þessum viðauka eru töflur með nokkrum íslensk-þýskum orðlistum yfir forsetningar og atviksorð sem gætu þjónað sem hjálpargrunnur í framtíðinni þegar svipaðir textar og frumtextinn eru þýddir.

Í sambandi við töflu 1 (og aðrar sem fylgja) þarf að taka fram að hún er ekki fullkomin, þ.e. að hér eru bara helstu forsetningar nefndar en ekki með öllum sínum mögulegum merkingum heldur aðeins aðalmerkingum. Tafla 1 inniheldur ekki bara forsetningar sem koma fram í frumtextanum heldur fleiri en þær og er sem sagt ætlað að þjóna sem hjálpargagnagrunnur.

|   |   |   |
|---|---|---|
